



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um fjölmenningu. **13**



MENNING Ólafur Þór Þorgeirsson og hundur hans fara með hús stiga. **18**



LÍFÍÐ Unnur Eggertsdóttir tók upp tónlistarmyndband í jólafríinu. **26**



SPORT Landsliðsþjálfarinn sáttur við stöðuna nokkrum dögum fyrir HM í Katar. **22**

ÚTSALA
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
SJÓNVÖRÐ - ALLAR STÆRÐIR - FRÁBÆR VERÐ
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9090 • www.sm.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
12. janúar 2015
9. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Fær tugi milljóna

Ísold Uggadóttir fær vilyrði fyrir 80 milljóna króna framleiðslustyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands. **2**

Allt óljóst Ekkert liggur fyrir hvenær þingmál um endurbætur á húsnæðiskerfinu líta dagsins ljós. **4**

Sækja í Subaru Slitnir lásar gera innbrot í Subaru Legacy-bíla auðveldari. **6**

Yfir 2.000 hafa fallið Voðaverk Boko Haram í Nígeríu halda áfram og hafa árársaðferðirnar vakið óhug. **8**

Milljarða kostnaður Áætlaður kostnaður ríkis og líffeyrisgjóða vegna örorku er 55 milljarðar. **10**



Bolungarvík	-1°	NA	8
Akureyri	-5°	NA	6
Egilsstaðir	-2°	NA	6
Kirkjubæjarkl.	-5°	VNV	4
Reykjavík	-4°	ANA	6

Strekkingur NV-lands og með austurströndinni. El eða snjókoma norðan- og austanlands en bjart með köflum suðvestan til. Minnkandi frost. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



GOTT FÆRI Grafarvogsbúar fjölmenntu í brekkuna í Húsahverfi í gær. Færið var gott og bæði börn og fullorðnir skíðagarpar sýndu listir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ójöfn staða sakborninga

Ný rannsókn leiðir í ljós að „venjulegir menn“ eru meirihluti sakborninga í nauðgunarmálum sem tilkynnt eru lögreglu en fáir í hópi ákærðra.

SAMFÉLAGSMÁL Ákveðnir hópar virðast vera í betri stöðu en aðrir innan réttarvörslukerfisins hvað varðar nauðgunarmál.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Hildar Fjólú Antonsdóttur um meðferð nauðgunarmála. Efni rannsóknarinnar hefur verið kynnt innanríkisráðherra.

„Margir „venjulegir menn“, ef hægt er að orða sem svo, eru sakborningar í nauðgunarmálum en sá hópur er hlutfallslega lítill þegar kemur til ákæru,“ segir Hildur Fjólá.

Í rannsókn Hildar Fjólú er lausleg skilgreining á „venjulegum mönnum“, höfð eftir viðmælanda hennar að „þeir séu ekki endilega í dópi eða alkóhólistar eða í einhverjum afbrotum almennt“.

„Við höfum einnig séð í erlendum rannsóknum og sjáum það í þessari rannsókn einnig, að þeir sem eiga við félagsleg-, geðræn, eða áfengisvandamál að stríða, eru líklegri til að fara alla leið í íslensku réttarkerfi þegar kemur að þessum brotaflokk. Svo virðist vera að þeir sem eiga undir högg að sækja á einhvern hátt eigi einnig undir högg að sækja í réttarkerfinu,“ segir Hildur Fjólá.

Hún segir þessar niðurstöður þurfa að skoðast betur og í samhengi við það að brotaflokkurinn er sérstakur fyrir þær sakir að þarna eru sakborningar oftast venjulegir menn. „Það einkennir þennan brotaflokk að sakborningar eru einhvers konar þversnið af þjóðinni,“ segir Hildur Fjólá.

Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, telur þetta eina af mörgum þörfum ábendingum skýrslunnar.

„Þessi þarfa ábending vísar til þess að kynferðisbrotamenn er að finna í öllum stéttum en um leið að



Þessi þarfa ábending vísar til þess að kynferðisbrotamenn er að finna

í öllum stéttum en um leið að frekar er ákært í málum þar sem gerendur hafa brotaferil, geðræn vandamál eða áfengis- og fíknivanda.

Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu.

frekar er ákært í málum þar sem gerendur hafa brotaferil, geðræn vandamál eða áfengis- og fíknivanda. Eg hef ekki forsendur til að meta hvort um sé að ræða afleiðingar forgangsröðunar við rannsóknir, sem kunna að byggja á huglægu mati þeirra sem þeim stýra. Lögreglan hefur verið að vinna að því að skýra verklag rannsókna, sem fer saman við ákveðna nýliðun og aukna fagmennsku. Við verðum að vænta þess að sú vinna skili sér,“ segir Tryggvi.

Viðhorf og reynsla fagaðila sem starfa við meðferð nauðgunarmála innan réttarvörslukerfisins var efni rannsóknar Hildar Fjólú. Rannsóknin var unnin í samstarfi við innanríkisráðuneytið og markmið hennar var að kanna viðhorf og reynslu fagaðila og hvort breytinga sé þörf á málaflokknum.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið kynntar Ólöfu Nordal innanríkisráðherra. Rannsóknin er seinni hluti rannsóknar um ein-kenni og meðferð nauðgunarmála.

Einn árársarmanna í París hét Íslamska ríkinu stuðningi sínum á myndskreiði: Milljónir manna gengu fyrir friði

PARÍS Talið er að þrjár milljónir manna hafi tekið þátt í samstöðugöngum í Frakklandi í gær til að minnst þeirra sautján sem féllu fyrir hendi hryðjuverkamanna í París fyrir helgi.

Stærsta gangan var haldin í París, þar sem 1,5 milljónir manna tóku þátt. Að minnsta kosti 40 þjóðarleiðtogar víða að úr heiminum tóku þátt. Þeirra á meðal voru David Cameron, forsætisráðherra Brets, og Angela Merkel, kanslari Þýskalands.

Þátttakendur í göngunni hrópuðu „frelsi“ og „Charlie“ til að sýna blaðinu og starfsfólki þess stuðning sinn.

„París er miðpunktur alheimsins í dag,“ sagði François Hollande, forseti Frakklands, í gær.



SAMSTADA Mikill fjöldi fólks safnaðist saman og hrópaði „frelsi“ og „Charlie“. NORDICPHOTOS/AFP

Áður en gangan hófst birtist myndskreið opinberlega þar sem Amedy Coulibal, sem réðst inn í matvöruverslun og hélt fólki þar í gíslingu, hét Íslamska ríkinu hollustu sinni. Í myndskreiðinu sagðist hann vera í samstarfi við bræð-

urna sem réðust á ritstjórn Charlie Hebdo.

Breska BBC fréttastofan segir að um tvö þúsund lögreglumenn og 1.350 hermenn hafi gætt almennings á meðan gangan fór fram.

RISA ÚTSALA
YFIR 2000 VÖRUTEGUNDIR
ALLT AÐ 75% AFSL.
OG ENGIN VÖRUGJÖLD!
SJÓNVÖRÐ ÚTVÖRÐ
FERÐATÆKI BÍLTÆKI
DVD SPILARAR MAGNARAR
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÖL BÍLHÁTALARAR
HLJÓMBÖRD MP3 SPILARAR
REIKNIVÉLAR VÖFLUJÁRN OFMAR
FRYSTIKISTUR BLANDARAR HÁFAR
ÖRBYLGJUOFMAR PRÁDLAUSIR SÍMAR
PVOTTAVÉLAR STRAUJÁRN ISSKÁPAR
SAMLOKUGRILL STRAUJÁRN
HELLUBÖRD RVKSUCU
UPPÞVOTTAVÉLAR
PUBBKA
Sjá allt úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
7 VERSLANIR UM LAND ALLT

Q10 plus
NIVEA
Q10 plus
Q10 plus
Q10 plus

SPURNING DAGSINS



Bragðast sveitasnackið betur en Prins Póló?

„Já, ef það fæst í gleri.“

Púsundþjalasmiðurinn og forspraki Prins Póló, Svavar Pétur Eysteinnsson, ætlar að hefja framleiðslu á snacki gerðu úr gulrófum, sem hann ræktar sjálfur.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur þurft að fækka nemum í fjarnámi vegna fjárlaga ríkisstjórnarinnar:

Hafa þurft að hafna nýjum nemendum

MENNTAMÁL Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur þurft að neita fjölda einstaklinga um nám á vorönn. Ástæða þess eru breytingar sem gerðar voru á nemendaígildum menntaskólanna í fjárlagafrumvarpinu fyrir þetta ár. Jón Eggert Bragason, skólameistari Fjölbrautaskóla Snæfellinga, segir það bagalegt að þurfa að vísa fólki frá skólanum sem vilji hefja nám á framhaldsskólastigi.

Fjölbrautaskólinn var með 80 dreifnema á haustönn 2014 en

þeir eru nú aðeins um 50 á vorönn 2015. Hvatinn til að taka við nýjum nemendum er ekki lengur til staðar að mati skólameistara „Við höfum verið að hafna nýjum dreifnemunum á þessu ári,“ segir Jón Eggert.

„Við í Fjölbrautaskóla Snæfellinga erum með ákveðinn nemendakvóta og ráðuneytinu er í sjálfu sér sama hvort það eru dreifnemar eða staðarnemar,“ segir Jón Eggert. Skólinn er að miklu leyti byggður upp á fjar-

kennslu og voru á síðustu önn um 80 nemendur í dreifnámi eins og það er kallað.

„Dagskólanemendur taka upp stærri hluta kvótans þannig að minna er eftir fyrir nema í svokallaðri fjarkennslu. Þeir eru ekki hópur sem má ekki vera í framhaldsskóla, síður en svo, en það er ekki svigrúm hjá mér til að taka þá inn því skólinn fær ekki greitt fyrir umframmemendur,“ segir Jón Eggert.



NEITAD UM NÁM Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur þurft að vísa fólki frá skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

- sa



FRJÁLSLYNDIR FARPEGAR Það voru nokkrir prakkarar í New York sem byrjuðu á því að fara buxnalausir í lest. Nú er það orðinn alþjóðlegur siður. NORDICPHOTOS/AFP

Strákapör í New York orðin að árlegum sið um víða veröld:

Buxnalausir í neðanjarðarlest

SAMFÉLAG Víða sleppti fólk því að klæðast buxum þegar það tók neðanjarðarlest í gær. Þá var nefnilega svokallaður „Buxnalausi neðanjarðarlestardagurinn“ í mörgum borgum. Þessi siður hófst með uppátæki sjö stráka í New York árið 2002. Árið 2006 tóku 150 lestarfarþegar í borginni þátt. Nokkrir þeirra voru handteknir fyrir óspektir á almannaferi en svo látnir lausir. Siðurinn hefur svo breiðst út, meðal annars til Evrópu. - jhh

Leggja til lokun leikskóladeildar

ÍSAFJARÐARBÆR Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar leggur það til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að loka leikskóladeild á Eyarsól á næsta leikskólaári.

Eyarsól var starfrækt fyrir fimm ára börn og hugsuð sem úrræði vegna skorts á leikskóla-plássum. Þegar deildin var sett á laggirnar var lagt til að hún yrði endurskoðuð að tveimur árum liðnum.

Að mati fræðslunefndar er ekki sama þörf fyrir leikskólaláss nú og þegar deildin var sett á laggirnar. Því er lagt til við bæjarstjórn að deildinni verði lokað næsta leikskólaár. - sa

Á Esjunni í vonskuveðri

BJÖRGUN Um hundrað björgunar-sveitarmenn tóku í gærkvöldi þátt í aðgerðum í Esjunni þar sem göngumaður var í sjálfheltu í Blikdal í vonskuveðri. Erfiðlega gekk að staðsetja manninn en simasamband við hann var stopult, samkvæmt tilkynningu frá Landsbjörgu.

Björgunarsveitarmenn fóru upp fjallið frá fjörum stöðum; upp Blikdal, frá Eilífsdal, Þverfells-horni og Skálafelli á snjóþílum, snjósledum, fjórhjólum og með gönguhópum. Maðurinn fannst um klukkan tuttugu mínútur yfir nú. Hann var blautur og kaldur en ómeiddur. - jhh

Við kynnum
Philips Ambilight
9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun



Ultra HD með Android

PHILIPS

með Android

Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK



SPENNANDI VERKEFNI Ísold Uggadóttir gerir kvikmynd um hælisleitanda og einstæða móður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

Hlýtur styrk upp á 80 milljónir króna

Ísold Uggadóttir fær vilyrði fyrir 80 milljóna framleiðslustyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands. Kvikmyndagerðarkonur hafa fengið hlutfallslega fáa styrki.

MENNING Ný íslensk kvikmynd í leikstjórn Ísoldar Uggadóttur hefur hlotið vilyrði fyrir 80 milljóna króna framleiðslustyrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands.

Í kvikmyndinni eru fléttaðar saman sögur tveggja ólíkra kvenna; hælisleitanda frá Úganda og einstæðrar móður á Reykjanesi sem starfar við vegabréfaskoðun á Keflavíkurflugvelli. Ísold segist hafa viljað skoða málefnið út frá sjónarhorni tveggja ólíkra kvenna. „Annars vegar frá sjónarhorni konu sem hneppt er í varðhald fyrir það eitt að reyna að bæta eigin lífskjör, og hins vegar konu sem óvænt er farin að vinna við landamæraeftirlit og er þannig komin í valda-stöðu sem hún sjálf er afar stolt af, í fyrstu að minnsta kosti.“

Samfélagsleg málefni hafa verið Ísold hugleikin, en í fjórum verð-

launastuttmyndum hennar, Góðum gestum, Njálsgötu, Clean og Útrás Reykjavík, hefur hún fengið við kynhneigð, fíkniefnanotkun og afleiðingar efnahagshruns á heldri konu. Allar myndirnar eiga það sameiginlegt að hafa konur í aðalhlutverki, og er kvikmynd hennar „Andið eðlilega“ þar engin undantekning. „Af einhverjum ástæðum þá dettur mér aldrei í hug að hafa karl í aðalhlutverki. Það er ósjálf-rátt,“ útskýrir Ísold.

Skúli Malmquist er aðalframleiðandi, og vinnur hann nú að áframhaldandi fjármögnun erlendis, í samstarfi við aðila í Svíþjóð, Frakklandi og Belgíu.

„Andið eðlilega“ verður fyrsta kvikmynd Ísoldar í fullri lengd, en hún lauk mastersnámi í leikstjórn og handritsgerð frá Columbia-háskóla í New York vorið 2011, þar

sem hún var meðal annars valin besti kvenleikstjórnin. „Verkefnið mitt var Útrás Reykjavík og í þessu tilfelli var verið að veita verðlaun til kvenna til hvatningar. Það var valið úr útskriftarhópnum og mikils virði að fá þessa viðurkenningu.“

Konur hafa borði síðustu ár þegar kemur að styrkjum frá stofnuninni og þá sérstaklega þegar kemur að framleiðslustyrkjum til kvikmynda í fullri lengd. Breytinga hefur sannarlega orðið vart því fleiri kvikmyndagerðarkonur hafa fengið vilyrði fyrir framleiðslustyrk. Kristín Jóhannesdóttir hlaut 90 milljóna vilyrði fyrir styrk til framleiðslu kvikmyndarinnar Þá og þegar elskan og Ása Helga Hjörleifsdóttir 80 milljónir fyrir kvikmynd sína Svanurinn. kristjanabjorg@frettabladid.is

Staðgengill sendiherra Íslands í Frakklandi var viðstaddur friðargöngu í París:

Forsætisráðherra ekki viðstaddur

STJÓRNSÝSLA Hvorki forsætisráðherra né utanríkisráðherra voru viðstaddir friðargönguna í París í gær, vegna þeirra vöðaverka sem dunið hafa yfir Parísarbúa síðustu sólarhringa.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, sagði í samtali við Fréttablaðið að staðgengill sendiherra Íslands í Frakklandi hafi verið viðstaddur friðargönguna sem fulltrúi íslenskra stjórnvalda. Hún sagði sendiherrann ekki hafa verið í Frakklandi í gær. Af þeim sökum hafi hann því ekki getað verið viðstaddur.

Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segir

forsætisráðherra ekki hafa getað þekkt boð franska stjórnvalda.

„Íslenskum stjórnvöldum barst boð frá frönsku ríkisstjórninni um að vera viðstödd friðargönguna síðdegis á föstudegi. Á þeim tímapunkti átti forsætisráðherra ekki þess kost að þekkja boð að þessu sinni. Hins vegar hafði hann stuttu áður hitt franska sendiherrann á Íslandi og fært honum samúðarkveðjur til frönsku þjóðarinnar, en gat því miður ekki mætt í gær til Parísar,“ segir Jóhannes.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins barst sams konar boð til forsetaembættisins og utanríkisráðuneytisins frá frönskum stjórnvöldum. - sa



HITTI SENDIHERRANN Forsætisráðherra komst ekki til Frakklands en hitt franska sendiherrann og færði honum samúðarkveðjur.

Rögnvaldur Sæmundsson, Háskóli Íslands · Hrönn Margrét Magnúsdóttir, Ankra
Halldór Friðrik Þorsteinsson, H.F. Verðbréf · Björn H. Reynisson, Íslandsstofa · Helgi
Júlíusson, Landsbréf · Þórður Heiðar Þórarinsson, Handpoint · Árdís Ármannsdóttir,
Skema · Jenný Ruth Hrafnadóttir, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins · Róbert Heimir
Helgason, Seðlabanki Íslands · Þórunn Jónsdóttir, ráðgjafi · Viggó Ásgeirsson,
Stjörnu-Oddi · Helgi Hjálmarsson, Valka · Ari

IIU *Iceland*
Innovation
UnConference

Reykjavík
24. janúar 2015
#IIU2015

Jensína K. Böðvarsdóttir, Landsbankinn · Ösp Sigfinnsdóttir, Landsbankinn · Hulda Bjarnadóttir, FKA-Félag kvenna
í atvinnulífinu · Lilja Tryggvadóttir, Mannvit · Elvar Örn Þormar, ReonTech · Svana
Gunnarsdóttir, Frumtak · Ásthildur Otharsdóttir, ráðgjafi · Þorvaldur Ingvarsson,
Össur · Jonathan Gerlach, Skapalón · Hannes Ottósson, Nýsköpunarmiðstöð
Íslands · Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Naskur · Salóme Guðmundsdóttir, Klak Innovit
Stefán Hrafnkelsson, Fagriskógur · Gunnar Thorberg, Kapall markaðsráðgjöf
Skúli Mogensen, WOW air · Kristinn Andersen, Háskóli Íslands · Thomas
Möller, Rými · Karl Guðmundsson, Herberia · Jóhann Þorvaldur Bergþórsson,
Plain Vanilla Games · Gunnar Páll Tryggvason, Icora Partners · Frosti
Ólafsson, Viðskiptaráð Íslands · Eggert Claessen, Frumtak · Tómas Þorvalds-
son, Vík lögmannsstofa · Georg Lúðvíksson, Meniga · Gísli Hjálmtýsson,
Thule Investments · Borghildur Erlingsdóttir, Einkaleyfastofan · Andri Már
Kristinsson, Landsbankinn · Gauti Marteinson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Benedikt Magnússon, KPMG · Hilmar Gunnarsson, Investa · Tryggvi Pálsson,
Landsbankinn · Ragnheiður H. Magnúsdóttir, Hugsmiðjan · Birgir Grímsson, V6
Sprotahús · Viggó Örn Jónsson, Jónsson & Le'macks · Kristján Þ. Davíðsson, Isder
Páll Harðarson, Kauphöllin · Svava Bjarnadóttir, Strategia · Frosti Sigurjónsson,
Dohop · Kristín Ingólfssdóttir, Háskóli Íslands · Guðjón Már Guðjónsson, OZ
Sesselja Vilhjálmsdóttir, Tagplay · Halldór Jörgensson, Microsoft · Ingi Rafn
Sigurðsson, Karolina Fund · Kristján Freyr Kristjánsson, Meniga · Haraldur
Unason Diego, Fagrað - viðskiptaráðgjöf · **Við hvern viltu tala?** · Árni Þór
Árnason, Oxymap · Örn Valdimarsson, Eyrir Invest · Rúna Magnúsdóttir,
BRANDit · Halla Helgadóttir, Hönnunarmiðstöð Íslands · Elinóra Inga Sigurðar-
dóttir, Elas · Hilmar Ingi Jónsson, Mennsk Invest · Finnur Sveinsson, Landsbankinn
Dagmar Þorsteinsdóttir, HBH byggir · Hermann Kristjánsson, Vaki · Steinþór
Pálsson, Landsbankinn · Laugardaginn 24. janúar stendur Landsbankinn, í
samvinnu við Háskóla Íslands, fyrir UnConference í þriðja sinn á Háskólatorgi. Þar
deila þátttakendur þekkingu og reynslu í opnum umræðuhópum. Jafnframt eiga
frumkvöðlar þess kost að setjast niður, maður á mann, með 100 stjórnendum og
sérfræðingum til að fá ráðgjöf varðandi uppbyggingu og vöxt fyrirtækja. Fáðu
nánari upplýsingar og skráðu þig á landsbankinn.is/unconference.



SVONA ERUM VIÐ



107 karlar á Íslandi bera nafnið Niels sem fyrra eiginnafn.

28 bera það sem annað eiginnafn.

Heimildir frá Þjóðskrá Íslands.

Kveikt í ritstjórnarskrifstofum þýska dagblaðsins Morgenpost í Hamborg: Áhyggjur af öryggi hafa aukist

ÞÝSKALAND Kveikt var í ritstjórnarskrifstofum þýska dagblaðsins Morgenpost í Hamborg um helgina. Blaðið hafði endurbirt myndir úr Charlie Hebdo.

Árásin varð til þess að áhyggjur manna jukust af mótmælum í Dresden þar sem íslam í landinu er mótmælt. Þau mótmæli hafa farið fram vikulega frá því í haust og er óttast að átök geti brotist út vegna þeirra.

Eftir að sautján manns féllu fyrir hendi vígamanna í Frakk-

landi í síðustu viku hafa aftur vaknað upp spurningar um öryggismál á Vesturlöndunum.

„Ég hef miklar áhyggjur af því að vel undirbúnir ódæðismenn, eins og þeir í París, Brussel, Ástralíu eða Kanada geti látið til skarar skríða,“ sagði Thomas de Maiziere, innanríkisráðherra Þýskalands, í samtali við blaðið Bild am Sonntag í gær. Hann segir að í Þýskalandi séu um 260 múslimar sem séu taldir hættulegir.

- jhh



ELDURINN SLÖKKTUR Slökkviliðsmenn voru fljótir að húsinu sem hýsir ritstjórnarskrifstofur Morgenpost í Hamborg.

NORDICPHOTOS/AFP

Fleiri blaðamenn segja upp: Ingi Freyr segir starfi sínu lausu

FJÖLMIDLAR Ingi Freyr Vilhjálmsson blaðamaður hefur sagt starfi sínu lausu á DV. Bætist hann því í hóp blaðamanna sem hafa hætt störfum þar síðustu vikurnar.

Í desember tóku nýir eigendur við stjórnartaumum á DV og réðu til sín nýja ritstjóra, þá Eggert Skúlason og Kolbrúnu Bergþórsdóttur.

Ingi hefur verið áberandi undanfarið og skrifaði bókina Hamskiptin, þegar allt verður falt á Íslandi, sem kom út árið 2014. - sa



GUNNAR BIRGISSON nýráðinn bæjarstjóri Fjallabyggðar

Nýr bæjarstjóri Fjallabyggðar:

Gunnar verður bæjarstjóri

FJALLABYGGÐ Gunnar Birgisson, fyrrverandi bæjarstjóri Kópavogs og þingmaður SV-kjördæmis, hefur verið ráðinn bæjarstjóri í Fjallabyggð frá næstu mánaðarmótum. „Eg er mjög ánægð með þessa ráðningu og tel þetta vera bænum til hagsbóta,“ segir Sólrún Júlíusdóttir, oddviti Framsóknar í minnihluta sveitarstjórnarinnar.

Sigríður Guðrún Hauksdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í minnihlutanum, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað en sagði ekkert samráð hafa verið haft við minnihlutann. „Ég las bara um þetta eins og flestallir landsmenn,“ sagði Sigríður Guðrún.

- sa

Styrkur og aldursbil stækka:

Frístundakort hækkar um 20%

AKUREYRI Íþróttaráð Akureyrarkaupstaðar samþykkti á síðasta fundi sínum að hækka frístundastyrk ungmenna um tuttugu prósent. Frístundastyrkurinn er því 12.000 krónur á árinu 2015.

Einnig var ákveðið að hækka aldursviðmiðið um heil fjögur ár og því geta öll börn á aldrinum sex til sautján ára nýtt sér frístundastyrkinn.

Frístundakort á Akureyri hefur tíðkast frá árinu 2006 og var upphaflega aðeins fyrir börn á aldrinum sex til ellefu ára en var hækkað í þrettán ár árið 2013. - sa

Safna upplýsingum um þörf á félagslegu húsnæði

Ekki liggur fyrir hvenær þingmál um endurbætur á húsnæðiskerfinu verða kynnt almenningi. Áhersla lögð á að bæta félagslega kerfið, sameina húsnæðisbótakerfið og vinna að framtíðarskipulagi húsnæðislána.

STJÓRNSÝSLA Enn liggur ekkert fyrir um það hvenær Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, kynni ný þingmál um endurbætur á húsnæðiskerfinu. Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, sagði við Fréttablaðið á dögnum að óvissan um framtíð sjóðsins yki á vanda hans.

„Ég vona sem fyrst. Þetta eru nokkuð fjölbreytt mál og mörg. Hér er ekki um að ræða eitt frumvarp. Þetta snýr ekki bara að einum þætti húsnæðiskerfisins, heldur koma þarna fram mjög víðtækar tillögur sem snúa að nokkrum lagabálkum,“ segir Eygló.

Hún segir að stefnt sé á að þessi mál verði kynnt vorþinginu. Meðináherslan sé lögð á að vinna þau frumvörp sem voru kynnt á þingmálaskránni. Þar er boðað frumvarp til laga um húsnæðismál, frumvarp til laga um húsnæðis-samvinnufélög og frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum.

Eygló segir að ráðuneytið hafi leitað eftir nánari samstarfi við Samband Íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin og sé að víða að sér upplýsingum um áform sveitarfélaga varðandi uppbyggingu á félagslegu húsnæði fyrir fólk í félagslegum eða fjárhagslegum vanda. „Að við fáum upplýsingar um það hver sé þörfin fyrir fatlað fólk, fyrir aldraða og fyrir námsmenn. Ríkið hefur stutt sveitarfélögin eða viðkomandi félagsamtök sérstaklega varðandi uppbyggingu fyrir þessa hópa. Það má segja að fyrsta skrefið að því hafi verið tekið þegar Reykjavíkurborg samþykkti sína áætlun, um hvað byggt yrði upp á næstu fimm árum,“ segir Eygló.

„Síðan erum við með tillögur sem snúa að breytingu á húsnæðisbótakerfinu. Að jafna stuðninginn við þá sem búa í ólíkum búsetuformum og ólíkum fjölskyldugerðum.“

Eygló Harðardóttir, húsnæðismálaráðherra.

Hún segir að tölur sem þessar frá sveitarfélögum hafi ekki legið fyrir. „Og það er rétt að fara með það fyrir þingið og þingið mun þá samþykkja húsnæðisáætlun um uppbyggingu þegar kemur að félagslegu húsnæði. Síðan erum við með tillögur sem snúa að breytingu á húsnæðisbótakerfinu. Að jafna stuðninginn við þá sem búa í ólíkum búsetuformum og ólíkum fjölskyldugerðum,“ segir Eygló. Hún minnir á tillögur frá verkefnastjórn um framtíð húsnæðismála að vaxta- og húsaleigubótakerfið verði því sameinað í eitt.

Aðspurð hvort sú óvissa sem er uppi um framtíð Íbúðalánasjóðs auki á vanda hans, segist hún telja að það hafi allir áhyggjur af stöðu sjóðsins. Nú sé verið að vinna að skýrum tillögum um framtíðarskipulag. „Við höfum líka að sama skapi lagt áherslu á það við Íbúðalánasjóð að sjóðurinn sinni viðskiptavinum eins vel og hann mögulega getur og þar af leiðandi að það fólk sem á í viðskiptum við íbúðalánasjóð finni fyrir því að sjóðurinn er að huga að því,“ segir Eygló.

jonhakon@frettabladid.is



MEÐ PRJU ÞINGMÁLUM Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra ætlar að leggja húsnæðismálaáætlun fyrir Alþingi.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Uppbygging í Reykjavík

Félagsmálaráðherra segir mikilvægt að hafa yfirsýn yfir uppbyggingu félagslegra íbúða. Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Félagsstofnun stúdenta undirrituðu viljayfirlýsingu rétt fyrir jól um byggingu 650 nýrra stúdentaíbúða á háskólasvæðinu á næstu fimm árum. Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg munu vinna að því að skipuleggja háskólasvæðið og koma fyrir allt að 400 stúdentaíbúðum til viðbótar við þær sem þegar eru á svæðinu. Þá lýsir Reykjavíkurborg yfir vilja sínum til að úthluta lóðum og byggingarrétti fyrir 250 stúdentaíbúðir á vegum Félagsstofnunar stúdenta á öðrum þéttingarreitum nálægt miðborginni og Háskóla Íslands. Þá samþykkti borgarráð í nóvember að heimila Félagsbústöðum að fjölga félagslegum leigubúðum borgarinnar um 500 á næstu fimm árum, árin 2015–2019.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



FROST Á FRÓNÍ. Þótt frosttölur lækki á landinu í dag verður áframhaldandi frost næstu daga. Það má búast við nokkuð stífri norðanátt um tíma með eljum norðan- og austanlands en björtu veðri syðra.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

SÍMAR AUGLÝSINGAÞEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÖLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÖLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrónnar Helgason hronnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Nýjar vélar á nýju ári

JANÚAR TILBOÐ

advania.is/vinnufelagar

Hafðu samband í síma **440 9010** eða í tölvupósti á sala@advania.is

advania
Welcome to IT

* Tilboð gilda til 31.01.2015 eða á meðan birgðir endast.

Andaðu með nefinu



Otrivin[®]

- Loft innan fárra mínútna
- Ilmur af mentól og eukalyptus



Otrivin Menthol ukonsveret, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xylómetazólínhydróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan puls, erfðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

VEISTU SVARIÐ?



1. Við hvaða stóra fyrirtæki hefur Greta Salóme samið við?
2. Hvað heitir nýr umhverfis- og auðlindaráðherra?
3. Hversu margar trjáplöntur hafa verið gróðursettar í nágrenni Heklu síðustu átta ár?

SVÖR

1. Disney-rísam. 2. Steinn Magnúsdóttir. 3. 2,3 milljónum plantna.

Samkeppniseftirlitið segir tollkvóta og fyrirkomulag þeirra ganga gegn markmiðum samkeppnislaga:

Brot á samkeppnislögum ekki útilokuð

SAMKEPPNISMÁL Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, útilokar ekki að tollkvótakerfið á erlendum búvörum feli í sér brot á samkeppnislögum. Sex ár eru síðan eftirlitið benti fyrst á alvarlega galla á kerfinu sem hefur ýtt undir okurverð á Evrópusambandskvótunum og hærra verðlag.

Eftirspurn fyrirtækja eftir tollkvóta á erlendum búvörum hefur aukist mikið hér á landi. Milli árána 2014 og 2015 jókst eftirspurnin um allt að 86 prósent og

kvótinn snarhækkaði í verði, allt að 30 prósent miðað við nýjar tölur Félags atvinnurekenda. Það veldur verðhækkun fyrir neytendur og er þvert á markmið með tollkvótunum um að auka samkeppni á búvörumarkaði, bjóða neytendum fleiri valkosti og lægra verð. Upphaflega eru þetta tollalausar vörur en með sölu á kvótunum hefur verðið orðið svipað og um almenna tolla sé að ræða.

Páll Gunnar útilokaði ekki í kvöldfréttum Stöðvar 2 að lög séu

brotn á þessum markaði. „Í einhverjum tilvikum gæti það verið. Það þyrfti að rannsaka það sérstaklega. Til að slíkar rannsóknir væru markvissar þyrfti að fá skýrar ábendingar um það og skýr gögn um það helst,“ sagði Páll Gunnar.

Páll Gunnar segir ábendingar um alvarlega galla kerfisins löngu komnar fram. „Við bentum á það að tollkvótarnir og fyrirkomulag þeirra gengju gegn markmiðum samkeppnislaga.“



PARF AÐ RANNSAKA MÁLIÐ Forstjóri Samkeppniseftirlitsins útilokar ekki að lög séu brotn með tollkvótakerfinu.

Yfir 100 slösuðust í eldsvoða í S-Kóreu



PRÍR FÓRUST Gríðarlegan reyk lagði frá íbúðablokk í Eulieongbu, norður af Seúl í Suður-Kóreu á laugardag. Prír létu lífið í brunanum og meira en 100 manns slösuðust.

NORDICPHOTOS/AP

Rummungar sækja í eldri Subaru-bifreiðar

Slitnir lásar gera innbrot í gamla Subaru Legacy-bíla auðveldari. Dæmi eru um að slíkum bílum hafi verið stolið á síðustu vikum. Oftast koma bílarnir fljótlega í leitirnar aftur. Nýr lykill, eða þjófavarnarkerfi gæti hjálpað. Keðjulás hefur virkað.

LÖGREGLUMÁL Gamli Subaru-bílar hafa upp á síðkastið notið vinsælda hjá bílaþjófum. Síðast var stolið sextán ára gömlum grænum Subaru Legacy-bíl í Laugarneshverfi í Reykjavík aðfaranótt fimmtudags.

Jóhann Karl Þórisson, aðstoðaryfirlöggluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir ekki laust við að svo virðist sem þjófvarnarið eitt hvað auðveldara með að komast inn í þessa bíla en aðra. „Það fór einn í nótt og svo hafa verið teknir einhverjir fjórir eða fimm á síðustu mánuðum sem ég man eftir,“ segir hann. Oftast finnst þessir bílar fljótlega, þótt brenna vilji við að þeir hafi eitt hvað skemmt, eða umgengni um þá verið slæm.



SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR

Sunna Dís Másdóttir, eigandi bílsins sem síðast hvarf, segir þjófnaðinn hafa uppgötvast í síðustu viku þegar eiginn maðurinn ætlaði út í búð. Bíllinn fannst síðar sama daginn og bar þess merki að hafa lent í árekstri. „Ég spyr mig hverju fólk er á höttunum eftir,“ segir Sunna og bætir við að ekki hafi verið fyrir verðmætunum að fara í bílnum. „Ég veit ekki hversu eftirsóknarverður svona skjóður er, en mér þykir voða vænt um hann.“

Guðjón Helgi Ólafsson, sérfræðingur í bíliðnum og stoltur Subaru-eigandi sjálfur, segir þekkt að slitnir lykilar geti stundum gengið að slitnum lásnum og svissum bílanna. Á árum áður var þekkt að með þessum hætti mátti stundum komast inn í og jafnvel ræsa gamlar Saab- og Volvo-bifreiðar.

Ráð við þessu segir Guðjón geta verið að leita til aðila á borð við Neyðarþjónustuna og láta skera út nýjan lykil. „Þegar maður er búinn



GAMALL SUBARU 1999 árgerðin af Subaru Legacy. Bíllinn sem stolið var aðfaranótt fimmtudags er kominn í leitirnar.

MYND/IFCAR

Listaverk og gamlar ferðatöskur horfnar



RÚNA TETZSCHNER

Rúnari Kjartansson, tónlistarmanni og rithöfund, sem geymdi í henni ljóð sín og skrif. Sjálf hefur geymt myndirnar mínar í töskunum og þær hafa fylgt mér á ferðalögum síðustu 16 árin.“ Rúna segir að viti einhver um eigin hennar megi hafa við hana samband í síma 691-3214 eða ræða við lögreglu.

að nota nýjan lykil í smástund er erfiðara að nota slitinn lykil,“ segir hann. „En það er svo sem eins víst að þessir andskotar brjóti þá bara rúðuna,“ bætir hann við.

Önnur leið gæti því verið að fjárfesta í þjófavörn sem sett er í eftir á. Þar sé þó kostnaður farinn að skipta máli, því ekki kosti gamli Subaru-bílar mikið. „En, kannski betra að eiga sinn gamla Subaru

en að vanta hann?“ Samkvæmt upplýsingum frá Nesradíó sem sérhæfir sig í slíkum ísetningum kostar slíkt kerfi 50 til 60 þúsund krónur þegar það er komið í.

En svo eru líka til ódýrari leiðir. „Ég hef einmitt heyrt af einni sem átti Subaru sem alltaf var verið að taka,“ segir Sunna Dís. „Hún er farin að læsa stýrinu með keðjulás við sætið.“ olikr@frettabladid.is

Sjúkratryggingar hafa gert samning við tvö fyrirtæki um viðgerðir stoðtækja:

Verðkönnun ekki framkvæmd

STJÓRNSÝSLA Ekki var gerð verðkönnun á þjónustu áður en Sjúkratryggingar Íslands gerðu samning við tvö fyrirtæki um viðgerðarþjónustu vegna göngugrinda og handknúinna hjólastóla. Samningurinn gildir frá fyrsta janúar síðastliðnum.

Samkvæmt reglum hins opinbera á að gera verðkönnun á markaði vegna þjónustu sem keypt er til að tryggja að sem best verð fáið fyrir þjónustukaup og að allir aðilar á markaði sem sinna þjónunni geti gefið sig fram.

Unnur Jónsdóttir hjá Sjúkra-

tryggingum segir að samningar hafi verið gerðir við fyrirtækið vegna góðrar fyrri reynslu af samvinnu við þau.

Guðmundur Hannesson, forstöðumaður ráðgjafasviðs Ríkiskaupa, segir verðkönnun á markaði vera mikilvægan hlut til að ná sem bestu verði þjónustu. „Hvað okkur varðar hjá Ríkiskaupum þá er það grundvallaratriði að kalla eftir verðum og áhugasömum einstaklingum á markaði og afar sjaldgæft að við snúum okkur til lokaðs hóps.“

- 5a



SJÚKRATRYGGINGAR Verðkönnun var ekki gerð áður en samningur var undirritaður við tvö einkahlutafélög.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lyfjauuglýsing

20%
afsláttur



Allar stærðir og styrkleikar
Gildir til 31. Janúar

Lyf & heilsa
við hlustum!

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

Lægra verð
í Lyfju



Nicorette
lyfjatyggigúmmí

Allar pakningastærðir, 2 og 4 mg

20%
afsláttur

Gildir til
31. janúar 2015

HEILSAN HEFST Í HAGKAUP



Amar Grant og Ívar Guðmundsson eiga það sameiginlegt að hafa óþrjótandi áhuga á heilsu, hreyfingu og matarræði.



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



CHI kókosvatn
Aðeins 63 kaloríur í 330 ml.



Nutra vítamín
Gæði og gott verð

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



Now
Fæðubótarefni og vítamín

Nýtt í Hagkaup

Túrmerik rótin er talin:
Vinna á gigt
Vinna á bólgum
Góð fyrir meltinguna



Turmeric drykkur
Hristu, drekktu og njóttu

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



RAPUNZEL müsli
3 gómsætar tegundir

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



Labrada EFA Lean

Sameinar ólíkar fitusýrur sem styðja við alhliða fitubrennslu, keyrir upp orkuna yfir daginn, styður við vöðvauppbyggingu.



Gott verð
349 kr

Froosh
Ferskir ávextir í flösku

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

LIFESTREAM
Lifestream Spírulina inniheldur 13 vítamín, 16 steinefni, 18 aminosýrur, snefilefni, auðmeltanlegt járn og GLA fitusýrur. Chlorophyll sem eykur súrefnismettun í blóðinu, auk fjölda andoxunarefna.



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



100% WHEY Gold Standard
Hreint mysuprótein

Gildir til 18. janúar á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á
bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR



TÖKUM NOTADAN
UPPI NOTADAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

BMW X5 xDrive
Nýskr. 01/12, ekinn 81 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 120533.

Frábært verð!
9.900 þús.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 36 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 142580.



KIA Sorento III EX
Nýskr. 07/13, ekinn 70 þús. km.
dísil, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 5.690 þús.
Rnr. 282258.



LAND ROVER FREELANDER 2S
Nýskr. 05/13, ekinn 18 þús. km.
dísil, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 6.590 þús.
Rnr. 102384.



DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 04/13, ekinn 82 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 2.880 þús.
Rnr. 120499.



HYUNDAI i20 CLASSIC
Nýskr. 06/13, ekinn 58 þús. km.
bensín, beinskíptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr. 310108.



RENAULT MEGANE SPORT T.
Nýskr. 06/13, ekinn 55 þús. km.
dísil, sjálfskíptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 142531.

bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Óttast að yfir 2.000 hafi fallið í vikunni

Liðsmenn Boko Haram lögðu fiskiþorp við Tsjad-vatn í rúst og stráfelldu íbúa þess. Landsvæði á stærð við Belgíu í norðaustur Nígeríu er nú undir yfirráðum samtakanna. Nýjar árásaferðir hafa vakið mikinn óhug víða um veröldina.

NÍGERÍA Voðaverk Boko Haram halda áfram en talið er að yfir 2.000 manns hafi fallið í árásum samtakanna í liðinni viku.

Nýjasta útspil þeirra hefur vakið upp mikinn óhug. Á laugardag varð markaður í borginni Maiduguri fyrir sjálfsmorðsprengjuárás en árásarmaðurinn var tíu ára gömul stúlka. Vitni segja að allar líkur séu á því að stúlkan hafi ekki haft nokkra hugmynd um hvað það var sem hún bar með sér innan klæða. Yfir tuttugu létust og fjöldi særðra er álíka. Vitað er að samtökin hafi beitt konum sem þau hafa rænt í þessum tilgangi áður en kenningar eru uppi um að þær séu neyddar til verksins.

Árásin var gerð strax í kjölfar þess að íbúar fiskiþorpsins Baga voru stráfelldir í miðri viku. Tölur um mannfall hafa ekki fengist staðfestar þar sem illa hefur gengið að komast að bænum en talið er að um 2.000 manns liggi í valnum.

Einn eftirlifenda heimsótti þorpið, eða réttar sagt leifar þess, eftir árásina. Hann hafi gengið gegnum þorpið og nær alla leiðina hafi vart verið þverfótað fyrir líkum. Íbúar Baga voru um 10.000 en þeir sem lifðu árásina af hafa lagt á flóttu. Óttast er að einhverjir þeirra hafi flúið í átt að Tsjad-vatni og drukknað þar í kjölfarið.

Bæði Baga og Maiduguri eru í Borno, næststærsta héraði landsins, í norðausturhluta Nígeríu við Tsjad. Íbúar landsins eru um 175 milljónir en fimm milljónir búa í Borno. Núna er stór hluti héraðsins, álíka stór að flatarmáli og Belgía, undir yfirráðum Boko Haram. Að auki hafa samtökin borgina Gulani og nærliggjandi svæði í nágrannahéraðinu Yobe undir sínum fæti.

Boko Haram eru súnní-íslömsk samtök sem, líkt og ISIS, hafa það að markmiði að koma á fót

Yfirráðasvæði Boko Haram



SAGA BOKO HARAM HREYFINGARINNAR

- 2002** Stofnuð af Mohamed Yusuf til að skóla fólk í íslam.
- 2009** Liðsmenn hófust handa við að vígbúast.
- 2010** Í september réðust liðsmenn á fangelsi og frelsuðu 721 fanga.
- 2011 til 2013** Fjöldi sprengjuárása víðsvegar um landið. Fjöldi fallinna nam hundruðum ef ekki þúsundum.
- 2014** Í apríl var ráðist á skóla í Chikbok og námu á brott um 300 stúlkur námu við skólann. Í maí voru 336 almennir borgarar myrtir í bænum Gamboru í Borno-héraði. Árásir héldu áfram um allt land allt árið.
- 2015** Yfir 2.000 látast er bærinn Baga er jafnaður við jörðu.

íslömsku ríki með sjaríalögum. Fjöldi liðsmanna er á reiki en talið er að minnst tíu þúsund manns berjist fyrir þau nú en talan gæti verið tvöfalt hærri. Liðsmenn eru flestir frá Nígeríu en hluti þeirra kemur frá nágrannaríkjunum Tsjad, Níger og Kamerún.

Opinbert nafn samtakanna myndi útleggjast á íslensku sem „Fólk skuldbundið útbreiðslu kenninga spámansins og heilögu stríði“ en styttra nafnið, Boko Haram, þýðir að vestræn áhrif séu

bönnuð. Meðal þess sem felst í því er að lýðræðislegar kosningar eru úti í kuldanum sem og hvers kyns vestrænn klæðnaður og menntun sem ekki tengist íslam.

Boko Haram voru stofnuð árið 2002 af Mohammed Yousuf. Í upphafi voru samtökin nokkuð friðsæl en róttæk. Það breyttist árið 2009 er stofnandi þeirra lést og Abubakar Shekau tók við. Árásir eru komnar yfir sjötíu og hafa um sjö þúsund manns fallið í þeim

johannoli@frettabladid.is

Á AÐ SAMEINA SVEITARFÉLÖGIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU?

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundaröð um þróun og mótun borgarinnar með Hjálmar Sveinssyni, formanni ráðsins. Fundunum er ætlað að víkka og dýpka umræðu um skipulagsmál. Yfirskrift raðarinnar er *Heimkynni okkar*, borgin.

Þriðjudaginn 13. janúar verður fundur með yfirskriftinni „Á að sameina sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu?“. Þar verður spurt hvort samkeppni sveitarfélaganna sé góð, hver áhrif sameiningar yrðu á almenningssamgöngur, stjórnsýslu og skipulags-, umhverfismál. Einnig verður fjallað um hvað það myndi þýða fyrir ríki og landsbyggðina ef 65% landsmanna tilheyrðu einu og sama sveitarfélagi.

Framsögu hafa, auk Hjálmars, þau Svandís Svavarsdóttir alþingismaður, Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og formaður Strætó bs. og Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

Skemmtileg stemning mun skapast á kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum við Klambatún klukkan 20.00–21.30.

Allir velkomnir.



Hjálmar Sveinsson



Svandís Svavarsdóttir



Bryndís Haraldsdóttir



Hrafnkell Á. Proppé



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Stjórnvöld og lækna- taka höndum saman um **markvissa uppbyggingu heilbrigðiskerfisins**

Þann 8. janúar undirrituðu fulltrúar Læknafélags Íslands, Skurðlæknafélags Íslands og ríkisstjórnarinnar sameiginlega yfirlýsingu um markvissa uppbyggingu heilbrigðiskerfisins. Með yfirlýsingunni vilja málsaðilar undirstrika mikilvægi heilbrigðiskerfisins og styrkja enn frekar heilbrigðisþjónustu í landinu.

Meðal helstu atriða í viljayfirlýsingunni er bygging nýs Landspítala og markviss endurnýjun tækjabúnaðar í heilbrigðiskerfinu. Hvoru tveggja er ætlað að bæta þjónustu við almenning og starfsaðstöðu heilbrigðisstarfsfólks. Auknu fjármagni verður veitt til heilbrigðismála og breytingar gerðar í þeim tilgangi að auka skilvirkni í kerfinu. Þá er stefnt að aukinni samvinnu heilbrigðisstofnana og að íslenska heilbrigðiskerfið verði samkeppnishæft við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Skoðaðu yfirlýsinguna á stjornarrad.is/yfirlýsing





GÍSLUM SLEPPT Sautján manns var haldið fongnum á kaffihúsi í Sydney í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lögregluárás rannsókuð: Varð fyrir skoti frá lögreglu

ÁSTRALÍA Katrina Dawson, sem var ein sautján gísla sem Man Haron Monis hélt í gíslingu í Sydney í desember, lést eftir að hafa orðið fyrir skoti lögreglu-manns.

Þetta er niðurstaða opinberrar rannsóknar á árás lögreglu á kaffihúsið. Gíslunum var haldið fongnum í 16 klukkustundir áður en lögreglan réðst til inngöngu.

Dawson lá á gólfinu þegar lög-reglan kom inn. Byssukúla lög-reglumanns endurkastaðist svo af hörðu yfirborði í Dawson. -skó

Beit annan í andlitið:

Handtekinn fyrir að bita

LÖGREGLUMÁL Karlmaður var handtekinn í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags eftir að hafa bitað annan karlmann í andlitið.

Árásarmaðurinn var ölvaður og var vistaður í fangaklefa þar til hægt var að taka af honum skýrslu vegna málsins.

Ekki liggur fyrir hvort og hversu alvarlega slasaður sá bitni var. -fbj

Mestu máli skiptir að allir fá endurhæfingu við hæfi

Áætlaður kostnaður ríkis og lífeyrissjóða vegna örorkubyrðar á þessu ári er 55 milljarðar króna. Níu prósent fólks á vinnualdri eru öryrkjar sem er með því hæsta sem gerist. ÖBÍ segir úrræði þurfa að vera einstaklingsmiðuð.

VINNUMARKAÐUR Árlegur kostnaður ríkis og lífeyrissjóða vegna örorkubyrðar er áætlaður 55 milljarðar króna á þessu ári og hefur tvöfaldast á föstu verðlagi á undanförunum fimmtán árum.

Þetta kemur fram í samantekt Samtaka atvinnulífsins, en á kynningarfundi í síðustu viku var aði Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA, við því að héldi fram sem horfði yrði erfitt að manna hér ný störf innan fárra ára og það myndi hamla hagvexti. Hér sé hlutfall fólks sem horfið hafi af vinnumarkaði vegna örorku með því hæsta sem þekkist og ljóst að til mikils að er vinna og þjóðhagslegur sparnaður í því fölginn að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Þar skipti tími og úrræði máli því eftir því sem einstaklingar hafi verið



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON

lengur utan vinnumarkaðar sé erfiðara að hjálpa þeim inn á hann aftur. „En þrátt fyrir að örorkubyrðin sé svo mikil ver ríkissjóður nánast engum fjármunum til starfsendurhæfingar,“ segir Þorsteinn og bendir á að hlutfall örorkulífeyrisþega af mannfjölda á vinnualdri (18 til 66 ára) hafi hækkað ört og sé nú komið í tæp níu prósent. „Sem er allt of hátt hlutfall.“



IÐNEMI Öryrkjabandalagið og Samtök atvinnulífsins eru sammála um mikilvægi þess að fólki, sem vegna örorku hrekkst út af vinnumarkaði, standi til boða starfsendurhæfing við hæfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalagsins (ÖBÍ), tekur undir með SA um að ónógu fjármagni sé varið til starfsendurhæfingar. „Þá höfum við líka bent á að núna er í mesta lagi hægt að fá 36 mánuði greidda í endurhæfingarlífeyri,“ segir hún. Úrræði sem henti einum dugi mögulega ekki öðrum og því sé mikilvægt að úrræðin séu fjölbreytt. Mikilvægt sé að mál hvers og eins sé skoðað.

Mestu máli segir Ellen skipta að allir fá endurhæfingu við hæfi og að ekki sé bið eftir endurhæfingu þegar fólk er tilbúið til

að hefja hana. Dæmi séu um að fólk sem koma hefði mátt aftur á vinnumarkað með úrræðum við hæfi hafi í staðinn fengið mat um örorku.

Um leið segir Ellen mikilvægt að til staðar séu margs konar endurhæfingarúrræði.

„Virkt starfsendurhæfingarsjóður er mikilvæg stoð, en einnig má horfa til annarra leiða.“ ÖBÍ vill gjarnan líta til þess að Vinnu-málastofnun geti einnig haft ríkara hlutverki að gegna þegar kemur að starfsendurhæfingu.

olikr@frettabladid.is



Virkt starfsendurhæfingarsjóður er mikilvæg stoð, en einnig má horfa til annarra leiða.

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands



HAFBERG

fiskbúð sælkerans



Glæný línuýsa

Hrogn og lifur


Súr hvalur og hákarl

Opið virka daga 10.00 - 18.15 laugardaga 10.00 - 15.00 Gnoðarvogi 44, 104 Reykjavík | sími: 588 8686



ÚTSALA Á GÓLFEFNUM!

Góður afsláttur af **MÚRBÚÐARVERÐI**
– það er **gott** verð



Náttúrustein-
mosaík
20%
AFSLÁTTUR
MIKIÐ ÚRVAL


Harðparket
20-25%
AFSLÁTTUR
10 GERÐIR



Fílsar
80 tegundir
20-50%
AFSLÁTTUR


Hágæða
glerhleðslusteinn

SEVES
GLASSBLOCK **30%**
afsláttur



Gúmmímottur

25%
afsláttur



20%
afsláttur

Flisalím Profiflex 25 kg
~~3.150~~
2.520

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8 -18

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Stórbrotin yfirlýsing um breytt heilbrigðiskerfi:

Mig langar til að trúá þér, trúá, ...

Heilbrigðiskerfið búi við sambærilegan ramma hvað varðar fjármuni og fjölda starfsmanna og önnur Norðurlönd að teknu tilliti til sérstöðu Íslands hvað varðar mannfjölda og staðhætti. Stýring innan heilbrigðiskerfisins þarf að vera sambærileg við það besta sem þekktist á öðrum Norðurlöndum með markvissri klíniskri stjórnun, á grunni leiðbeininga. Þannig hljóðar annar liður yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og lækna um markmið í heilbrigðisþjónustu.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Afar göfugt markmið, en hversu raunhæft er það? Fréttablaðið lagðist í rannsókn og komst að því, eftir skamma leit, að í riti Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, Health at a Glance: Europe 2014, eru framlög ríkja í Evrópu til heilbrigðismála borin saman. Þar sést að

af Norðurlöndunum ver Noregur mestu á hvern einstakling til heilbrigðismála í evrum, en Íslendingar minnstu. Nú, erum við algjörir eftirbátar annarra?

En munar miklu? Já. Norðmenn verja 4.610 evrum á hvern einstakling eða tæplega 710 þúsund íslenskum krónum miðað við gengi evrunnar í dag, Danir verja því sem samsvarar 3.528 evrum eða rúmum 543 þúsund íslenskum krónum á hvern einstakling. Íslendingar verja hins vegar því sem samsvarar 2.655 evrum eða 409 þúsund krónum. Að meðaltali verja Norðurlandþjóðirnar 3.310 evrum á ári á hvern einstakling, eða sem samsvarar 510 þúsund krónum. Íslendingar þurfa því að auka framlög á hvern einstakling um 101 þúsund krónur til þess að nálgast meðaltalið. Það er ekkert annað.

En er þetta eitthvað mál, er hægt að bjarga þessu? Til þess að íslensk yfirvöld verji jafn miklum peningum á einstakling og Norðurlöndin að meðaltali vegna heilbrigðismála, þarf framlag Íslands að hækka um 33 milljarða til að jafna á við meðaltalið, 44 milljarða til þess að ná Danmörku og 98 milljarða til að ná Noregi.

Gott og vel, en hvers vegna ætli þrjú ráðherrar hafi skrifað undir þetta? Er eitthvert hald í svona yfirlýsingu? Samanburðurinn er hreint ótrúlegur. Til að ná Noregi vantar andvirði nýs sjúkrahúss með öllu. Í ljósi þessa alls á að spyrja, hvers virði er svona yfirlýsing? Pappírins? Það skýrist einhvern tímann. Ekki er vanþörf á að bæta í heilbrigðiskerfið. Aðstaðan á Landspítalanum, og víðar, er langt frá því að vera boðleg. Við Íslendingar verðum að gera betur. Setja okkur skýr markmið. En mikils virði er að sett markmið séu raunhæf. Annað er fráleitt. Næg verkefni biða, verkefni sem þarf að leysa.

Yfirlýsingin er viðhengi við kjarasamning lækna. hana ber að skoða í því ljósi. Verkfallið hafði staðið alltof lengi og ef yfirlýsingu sem þessa þurfti til lausnar, þá var trúlegast ekkert annað að gera. Höfum hugfast að til þess eins að ná meðaltali hinna norrænu ríkjanna þurfum við að bæta svo miklum peningum við til heilbrigðismála að nánast má segja að það sé pólitískur ómöguleiki, svo notuð séu orð fjármálaráðherra, af öðru tilefni.

Best er að taka undir með Bubba Morthens, þegar hann söng: „Mig langar til að trúá þér, trúá, trúá, trúá.“

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skipt um skoðun

Gunnar I. Birgisson var ráðinn bæjarstjóri Fjallabyggðar um helgina. Ráðningin vakti athygli sér í lagi þar sem Gunnar var harðorður um lagningu Héðinsfjarðarganga árið 2005, sem hann sagði eina þá vitlausustu framkvæmd sem hann hefði heyrð um. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 á laugardag sagði Gunnar hins vegar að á þessum tíma hefði Gunnar verið þingmaður fyrir SV-kjördæmi og vildi frekar fá peningana í framkvæmdir þar. Nú segir Gunnar að tilkoma ganganna sé aðalástæðan fyrir uppbyggingu í sveitarfélaginu. Blessunarlega er mönnum frjálst og hollt að skipta um skoðun.



Boltamót

Það hefur vakið athygli að enginn íslenskur ráðamaður sá sér fært að mæta á samstöðufundinn í París í gær, þar sem þrjár milljónir manna komu saman vegna hryðjuverkaárásanna í síðustu viku. Hátt í fjörutíu þjóðarleiðtogar víðs vegar að úr heiminum mættu. Helga Vala Helgadóttir lögfræðingur skrifar á Facebook-síðu sína að hefðu Frakkarnir haft vit á að halda þar boltamót hefði ekki skort á þátttöku okkar fólks. Skemmst er að minnast mætingar mennta- og félagsmálaráðherra okkar á Ólympíuleikana í Rússlandi, sem og forseta Íslands, þrátt fyrir mannréttindabrot Rússa gegn



samkynhneigðum.

Áttu að mæta

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var meðal þeirra sem ekki sá sér fært að mæta á minningarathöfnina. Íslenski sendiherrann í Frakklandi mætti ekki heldur til Parísar, en þess í stað var sendiráðunauturinn í París fulltrúi Íslands í göngunni. Gunnar Bragi er á leið til New York á Rakararáðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þó að vissulega sé það meira en verðugt verkefni til að sinna, má velta fyrir sér hversu margir séu á leið þangað frá Íslandi og hvort ekki hefði verið rétt að eyða svolitlum fjármunum og tíma íslenskra ráðamanna í París um

HALLDÓR



Í tómarúmi utanríkismála

EVROÞUMÁL



Andrés Pétursson formaður Evrópusamtakanna

Það vakti athygli að hvorki forsætisráðherra né forseti Íslands vöktu athygli á stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu í nýársávörpum sínum. Það þarf þó ekki að koma á óvart því stefna þeirra beggja í Evrópumálum steytti harkalega á skeri á síðasta ári. Mikil mótmæli almennings gerðu ríkisstjórnina afturreka með tillögu sína á þingi að afturkalla aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu og fánýti Rússadaðurs forseta Íslands kom berlega í ljós í aðgerðum Pútíns og hans kóna í Úkraínu. Málið er hins vegar ekki dautt því á meðan við þessum hljóðlega í skóinn í efnahagsmálum og gjaldyrisaflandi nýsköpunarfyrirtækjum blæðir út þá er mörgum stórum spurningum um efnahagslega stöðu Íslands í sífellt samþættari heimi ósvarað. Það má því á margan hátt segja að við séum í auga stormsins varðandi stöðu Íslands í umheiminum.

Í málefnaþingum ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum bergmálar frá Bessastöðum einhvers konar sérvalshugarfar þar sem styrkja eigi tengsl við alla aðra en þá sem við höfum átt mest og best tengsl við hingað til, þ.e. Bandaríkin og Evrópu. Utanríkisráðherra má þó eiga að hann hefur lært mikið þau tæpu tvö ár sem hann hefur setið í embætti. Hann hefur gert sér grein fyrir því að þótt það sé mikilvægt að eiga góð tengsl við sem flest ríki í heiminum þá skipta tengsl-

→ Þrátt fyrir hjáróma raddir fárra einangrunarsinna er ljóst að mikill meirihluti almennings vill klára aðildarviðræðurnar.

in við Evrópu og Bandaríkin enn langmestu máli. Ráðherrann hefur tekið harða afstöðu gegn útþenslustefnu Rússa gagnvart nágrönnum sínum í A-Evrópu og hefur talað fyrir virkari þátttöku Íslands á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins.

Ríkisstjórnin er hins vegar í klemmu með aðildarumsóknina að Evrópusambandinu. Þrátt fyrir hjáróma raddir fárra einangrunarsinna er ljóst að mikill meirihluti almennings vill klára aðildarviðræðurnar. Einnig fjölga þeim stöðugt sem átta sig á því að við þurfum að stækka þá efnahagslegu köku sem þarf að vera til skiptanna hér á landi til að skapa hér sambærileg lífskjör og í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. En á meðan við erum með gjaldyrishöft og lítinn sjálfstæðan gjaldmiðil þá drögumst við smám saman aftur úr. Ólíklegt er að núverandi ríkisstjórn sérhagsmuna vilji gera breytingu þar á. Við Evrópusinnar þurfum því líklegast að þreyja þorran og góna í einhvern tíma í viðbót þar til vísýnni og alþjóðasinnaðri ríkisstjórn taki við.

Glæpir gegn mannkyni

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Í leikritum Shakespeares kemur stundum fyrir persóna sem nefnd er fíflíð og hefur það hlutverk að segja alls konar hluti sem aðrir myndu aldrei segja. Þetta er ekki beint virðingarsaða – eiginlega fremur óvirðingarsaða – viðkomandi þarf að sjá til þess að fram komi sú hlið sannleikans sem við veigum okkur við að segja, vegna meðvirkni eða út af sjálfsrítskoðun, tepruskap, alvörugefni, eða bara af tillitssemi í garð náungans. Fíflíð segir meira að segja hitt og þetta við grimman kónginn og kemst upp með það vegna þess að það nýtur gríða í mannfélaginu; það starfar á undanþágu; það er hláturleyfishafi. Þessir persóna er ómetanlegur partur af samfélagi okkar.

Og samt erum við líka Charlie

Í nútímasamfélögum gegna vissir listamenn þessu hlutverki; ekki síst skrípamyndateiknarar. Þeir eru hluti af sameiginlegri samfélagsvitund okkar og í þeim skilningi erum við öll Charlie, hvað sem því líður að við myndum ekki öll teikna svona dónalegar myndir af Múhameð spámanni eða vera svona gagntekin af rössum. Þeir eru stundum eins og hvatvís börn, teikna það sem kemur í hugann og þeim finnst sniðugt sjálfum en er auðvitað misfyndið. En þegar fyndnin lánast er í henni eitthvað óvænt, jafnvel fátíðlegt; hláturinn ber einatt í sér eitthvað fjarstæðukennt og fráleitt – eitthvað „rangt“ – eitthvað óskammfeilið, sem hneykslar okkur en líka um leið eitthvað tært og hreint, jafnvel barnlegt sem kallar

fram bros. Skrípamyndin er ekki beinlínis málefnaleg, hún starfar á hvatvasviðinu; við hlæjum að henni eða yppum öxlum.

Þetta fífl hefur nú verið tekið af lífi í Frakklandi fyrir þá sök að vekja hlátur. Til þess að tjá ógeð okkar og sorg yfir því og undirstrika rétt okkar til að hlæja og teikna og tala og tjá okkur segjumst við nú öll vera Charlie.

Við búum í opnu samfélagi. Hér má segja og tjá næstum hvað sem er, hvað sem líður fornfálegum og óvirkum lagabókstaf um guðlast. Á hinu opinbera svæði hefur nánast allt verið afhelgað. Það táknað að þótt einhverjum sé eitthvað heilagt verður viðkomandi að una því að öðrum þyki lítið til þess helgidóms koma. Hið heilaga nýtur ekki lengur friðhelgi í opinberu rými, heldur hefur færst á svið hins einkalega. Franska byltingin snerist raunar ekki síst um það. Hafi þessi afhelgun átt sér stað í tilteknu rými er ekki hægt að vernda fólk fyrir henni. Það kann að vera erfitt fyrir suma að sætta sig við slíkt en þeir verða að læra það, ætli þeir að búa í samfélagi við aðra. Fyrir vikið má gera grín að trúarbrögðum, líka íslam. Öll trúarbrögð þurfa á hlátrinum að halda. Raunar má telja það til mannréttinda að tilheyra mengi sem gert er grín að; það táknað að maður sé fullgildur meðlimur í samfélaginu; fyrir utan það að öll höfum við gott af því að horfa á sjálf okkur í spéspegli.

Í mannfélaginu vekur allt andstæðu sína. Í opnu þjóðfélag heyrast og sjást alls kyns tilbrigði mannegrar hugsunar þegar hún er ekki reyrd í fjötra hugmyndafræði; hinu háleita fylgir lágkúra, enda skerpil lágkúran næmi okkar á hið háa; fegurð kallar á ljótleika sem aftur vekur þrá eftir fegurð; andlegri leit fylgir áhugi á líkamsstarfsemi; nautnin kemur í kjölfar meinlætanna; guðstrúnni fylgir guðlast; fólk sem sýslar með gömul hand-

rit þekkir klámfengið og ósæmilegt spássúkrotið hjá munkunum sem sátu við skriftir og guðræki-legar iðkanir. Á Íslandi tíðkaðist slíkur orðaósómi í svokölluðum beinakerlingavísunum; sem voru lagðar inn í vörður á afviknum stöðum þar sem hægt var að lesa þær, og hnussa hlæjandi.

Glæpir gegn mannkyni

Mennirnir sem réðust inn á skrifstofur franska skopmyndablaðsins eru partur af heimshreyfingu sem kennir sig við íslam.

Þetta eru óvinir íslams. Þeir hafa raunar lagt sig sérstaklega fram um að drepa múslima víða um heim og saklausa borgara sem ekki tengjast trúmálum sérstaklega – þeir drápu um daginn 2000 manns í þorpinu Baga í Níg-eríu í stríði sínu gegn þekkingu og fræðslu. Verk þeirra koma engum verr en múslimum í Evrópu; skapar umsátursástand um

hvern einstakling úr þeim ranni. Þessir menn hafa sjálfir framleitt afkárlegri (og ófyndnari) skrípamyndir af Múhameð en nokkrir skopteiknarar myndu gera; fóru á sínum tíma frá Danmörku um hinn múslimska heim og dreifðu fölsuðum myndum af spámánninum með svínshaus og sögðu vera úr Jyllandsposten. Svona morðvargar hafa fylgt mannkyni frá elstu tíð og eiga eftir að gera það um aldur og ævi. Þetta eru rauðu varðliðarnir í menningarbyltingunni í Kína; IRA á Írlandi; rauðir kmerar í Kambódíu; serbneskir vígamenn sem myrtu múslima í Bosníu og nauðguðu konum kerfisbundið; Baader-Meinhof í Þýskalandi; rauðu herdeildirnar á Ítalíu; Bandaríkjaher í Víetnam. Morðóðir hermenn sem æða fram undir merkjum hugsjóna. Þetta eru ekki valdalausir smælingjar, olnbogabörn samfélagsins sem

leiðst hafa á villugötur vegna vonsku samfélagsins, heldur hópar trylltra einstaklinga sem ánetjast hafa vímunni sem fæst af morðum og illvirkjum, fara um í nafni hreinleikans – og drepa. Þeir eiga sér engar málsbætur og framferði þeirra víða um heim eru glæpir gegn mannkyni.

Þeir ætla að stöðva það með öllum ráðum að við blöndum geði. Að kristnir menn og múslimar, trúlausir, búddistar og leitandi sálir með ólíkar lífsskoðanir, hittist og horfist í augu, öðlist jafnvel gagnkvæman skilning. Þetta eru skoðanabræður Breiviks í Noregi og þeir eiga sín skoðanasystkin hér á landi. Þetta er fólk sem berst gegn því sambyli sem nefnt hefur verið fjölmennung, og felst í því að við sýnum hvert öðru umburðarlyndi og velvild, tölum saman, hlæjum saman.

Fólk á flóttu og í bið

FLÓTTAMENN

Toshiki Toma
prestur innflytjenda

Miklar breytingar eru nú að verða á mót-töku fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Töluverðar breytingar urðu á lögum um útlendinga síðastliðið vor. Meðal þess sem breyttist er að sérstök kærufnd útflendingamála sér nú um kærur-mál flóttafólks og einnig á að stefna að ekki taki lengur en 90 daga að úrskurða í hverju máli. Það er von mín að þessar breytingar reynist jákvæðar fyrir flóttafólk.

Mig langar hins vegar að benda á þá staðreynd að það flóttafólk sem kom hingað til lands áður en lögin tóku gildi er í sömu stöðu og áður og nýtur ekki nýjunganna í kerfinu.

Meðal þess er fólk sem hefur verið í biðstöðu í um tvö til þrjú ár. Ég þekki til átta sem eru í þeirri stöðu og þar af eru fimm þeirra með mál sín fyrir héraðsdómstóli en öll snúa þau að Dyflinnar-reglugerðinni. Dómstóllinn dæmir aðallega um hvort hælissúsknir hvers og eins þeirra eigi að vera skoðaðar efnislega á Íslandi, eða ekki – en ekki um hvort þeir eigi að fá vernd. Dómar munu falla á næstunni.

Ég veit ekki hvernig mál munu ráðast en ég veit að þessi ár sem fólkíð bíður hér eru því tilgangslaus. Tvö til þrjú ár eru langur tími í bið ef maður er hvorki án vinnu og getur ekki farið í nám – og getur í raun ekki aðhafst neitt. Sumir hafa svo forsögu annars staðar frá og hafa eytt tíma í öðru

landi, jafnvel lengri tíma en á Íslandi. Einn af flóttamönnum sem hér dvelja eyddi t.d. níu árum í landi þar sem hann hafði sótt um vernd fyrst og annar fimm árum – báðir án þess að geta orðið að venjulegum borgurum. Myndir þú vilja vera í þessum sporum?

Bjargræði

Eins og sést í hinni nýju stefnu yfirvalda héraðs efast enginn um mikilvægi þess að umsókn um alþjóðlega vernd skuli verða afgreidd almennilega innan þolanlegs biðtíma. En ef yfirvöld viðurkenna mikilvægi þess, hvernig líta þau þá á manneskjur sem hafa eytt tveimur til þremur árum hér nú þegar og mál þeirra hafa ekki einu sinni verið skoðuð efnislega? Eiga þeir ekki skilið einhvers konar bjargræði miðað við þennan óvenjulega langa biðtíma?

Mér skilst að dómstóllinn sé bundinn við lögin, að sjálfsögðu, og réttlæti hans byggist fyrst og fremst á lögfræði. Það er hins vegar mín skoðun að framkvæmdarvaldið geti haft að leiðarljósi mannúðleg sjónarmið. Það þýðir að horfa á manneskjuna sem miðjuna í hverju máli, hina lifandi manneskju.

Þá finnst mér eðlilegt að líta á mál þeirra í heild, aðstæður í heimalandi þeirra, margra ára óvissu í fyrsta komulandi og svo biðtíma á Íslandi fremur en fyrst og fremst á Dyflinnarreglugerðina – sem er alls ekki kjarni mála þeirra.

Ég vil skora á yfirvöld að skoða mál þeirra með mannúð að leiðarljósi og taka mál þeirra sem um ræðir til efnislegrar meðferðar, óháð hvernig dómar falla í héraðsdómi.

Deloitte.

Skattadagurinn 2015

Morgunverðarfundur
þriðjudaginn 13. janúar
kl. 8.30-10.00 á Grand
Hótel Reykjavík



Setning

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðgjafi



Flogið undir ratsjánni: Skattstofnar sveitarfélaga

Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



Skattabreytingar - frá virðisaukaskatti til nýsköpunar

Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte



Skattframkvæmd - brotalamir og umbætur

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



Milliverðlagning - reglubyrði og rekstraráhætta

Haraldur Ingi Birgisson, skatta- og lögfræðisvið Deloitte




Fundarstjórn

Hrund Rudólfsson, forstjóri Veritas

Skráning á www.deloitte.is, netfanginu skraning@deloitte.is og í síma 580-3000. Gullteigur, Grand Hótel Reykjavík • léttur morgunverður frá kl. 8.00 • verð kr. 3.900.





+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

SIGURLÍNU INGADÓTTUR.

Garðar Svavarsson
Guðrún Garðarsdóttir
María Garðarsdóttir



Jacob Rytter
Hrafn Þór Jörgensson
og barnabörn.

+

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, hjartkær faðir, tengdafaðir og afi,

ÁSGEIR MARKÚS JÓNSSON
flugvirki,
Bugðutanga 5,
Mosfellsbæ,

sem lést 4. janúar á Landspítalanum við Hringbraut verður jarðsungið frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 14. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á samarbúðir KFUM í Vatnaskógi, reikningsnúmer 117-26-10616, kt. 521182-0169 eða í síma 588-8899.

María Marta Sigurðardóttir

Davíð Ásgeirsson
Rakel Ásgeirsdóttir
Samúel Ásgeirsson
Ólafur Jón Ásgeirsson
Gerður Rós Ásgeirsdóttir



Einar Gunnarsson
Lovísa Snorrardóttir

Sigurður Wium
barnabörn.

+

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SIGURÐUR JÓHANNSON
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður til heimilis að Köldukinn 28,

lést mánudaginn 5. janúar. Útförin fer fram frá Friðkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 14. janúar kl. 11.00.

Kristín Halla Sigurðardóttir
Ingrún Ingólfssdóttir
Sigurrós Helgadóttir



Guðmundur K. G. Kolka
Magnús Gíslason
barnabörn og barnabarnabörn.

+

Ástkær móðir okkar, amma, langamma og systir,

ELÍNBJÖRG HULDA
EGGERTSDÓTTIR
Skólavörðustíg 18,

lést á Landakoti 28. desember sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapelli miðvikudaginn 14. janúar kl. 13.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Heimir Örn Jenson
Gottskálf Þór Jenson
Árni Már Jenson





„Mér finnst í raun ekkert ólíkt að vera blaðamaður og vinna í félagsþjónustu. Maður er alltaf að setja sig inn í líf fólks og þarf að skilja aðstæður hvers og eins.“

AFMÆLISBARNID „Þegar Vera hætti fór ég í háskólann, ekki til að stúdera bókmenntir heldur til að læra eitthvað praktískt sem ég gæti örugglega fengið vinnu við,“ segir Elísabet.
FRÉTTABLAÐID/GVA

Vetrarbörn geta ekki boðið í garðveislur

Elísabet Þorgeirsdóttir skáld, félagsráðgjafi og fyrrverandi ritstjóri, er sextug. Hún er Vestfirðingur að uppruna og vökvær ræturnar oft en fór samt vestur um haf í afmælisferð.

Elísabet er að vakna eftir flug frá Ameríku þegar ég hringi til að falast eftir afmælisviðtali. Hún er sextug í dag og fór í Ameríkuförðina öðrum þræði í tilefni þess. „Sonur minn og kærastan hans eru að fara í ferðalag til Suður-Ameríku og ég og barnabarnið fórum með þeim til New York, kvöddum þau og komum svo saman heim. Þetta var voða gaman. Við vorum vestra á áramótunum og það var nýjung fyrir mig, ég lagði samt ekki í að vera á Times Square og standa þar í kuldanum og frostinu klukkustundum saman heldur fylgumst við með í sjónvarpinu. Við vorum hjá bróðurdóttur minni og fjölskyldunni hennar svo ég upplifði skemmtilega fjölskyldusamveru.“

Engin stórveisla er fyrirhuguð í dag hjá Elísabetu, þó ætlar hún að hafa kaffi og pönnukökur fyrir sína nánustu og þá sem hafa tíma til að líta við. „Það er svona með okkur vetrarbörnin, við getum ekki boðið í garðveislur heldur verðum við að halda okkur í hlýjunni,“ segir hún og rifjar upp fertugsafmælið sitt sem haldið var með stæl í sjálfri Hallgrímskirkju. „Það þótti svolít-

ið spes,“ viðurkennir hún. „Það var í safnaðarsalnum fyrst til að byrja með og þar spilaði Laufey Sigurðardóttir á fiölu og Íris Guðmundsdóttir söng gossellög en það var gjöf frá þáverandi vinnufélögum mínum á Fróða. Svo var farið inn í kirkju, lesin ljóð, skemmtilegur kór samkynhneigðra karla söng meðal annars lagið Somewhere over the rainbow og Guðni Franzson spilaði á klarinet. Að lokum sungum við öll sálm saman. Þetta var mjög skemmtilegt en það er ekkert hægt að endurtaka svona.“

Elísabet er fædd og uppalin á Ísafirði. Kveðst mikill Vestfirðingur vera og halda góðum tengslum við Ísafjörð.

Hún starfaði sem blaðamaður (um skeið) í mörg ár og var í níu ár ritstjóri tímaritsins Veru. En nú er hún félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg og hefur starfað sem slík í miðborginni í tæp fimm ár.

„Þegar Vera hætti fór ég í háskólann, ekki til að stúdera bókmenntir heldur til að læra eitthvað praktískt sem ég gæti örugglega fengið vinnu við. Ég var fimmtug og hugsaði að ég ætti vonandi tuttugu ár eftir af starfsævinni,

→ Sitthvað um Elísabetu

Elísabet lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði, stundaði nám við Leiklistarskóla Íslands og lærði íslensku við Háskóla Íslands.

Hún hefur unnið við fiskverkun, kennslu, blaðamennsku og ritstjórn og eftir hana liggja tvær ljóðabækur, Augað í fjallinu, 1977 og Salt og rjómi eða blanda af göddum og dúni, 1983.

Einnig hefur hún ritað tvær ævisögur, í sannleika sagt: lífs saga Bjarnfríðar Leósdóttur 1986 og Þú gefst aldrei upp Sígga! ævisaga Sigríðar Rósu Kristinsdóttur, 1993.

Því væri verjandi að eyða fimm árum í nám. Starf félagsráðgjafans á líka vel við hana. „Mér finnst í raun ekkert ólíkt að vera blaðamaður og vinna í félagsþjónustu. Maður er alltaf að setja sig inn í líf fólks og þarf að skilja aðstæður hvers og eins.“ Nema hvað blaðamaður þarf ekki að finna lausnir á vandamálunum,“ skýtt ég að. „Nei, hann er náttúrlega bara að koma þeim á framfæri en við félagsráðgjafarnir tókum næsta skref.“
gun@frettabladid.is



Þegar andlát ber að höndum önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Þorsteinn Elisson
útfararþjónusta



Frimann Andrússon
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararstjóri



Guðmundur Baldvínsson
útfararþjónusta



Jón G. Bjarnason
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

+

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

MAGNÚS H. MAGNÚSSON
bífvélavirki og járnsmiður,

verður jarðsungið frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 13. janúar næstkomandi kl. 15.00

Hólmfríður Magnúsdóttir
Hildur Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
Magnús Magnússon



Sigríður Bjarnadóttir
Árni Guðnason
Þorsteinn Einarsson
Sturla Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



AFTUR TIL FRAMTÍÐAR

Nike stefnir að því að setja á markað skó í anda þeirra sem komu fram í myndinni Back to the Future II í lok þessa árs. Í myndinni klæðist Marty McFly skónum þegar hann ferðast til ársins 2015. Skórnir munu bera nafnið Nike Air MAG.


TUDOR RAFGEYMAR

Veldu öruggt start með nýjum TUDOR



TUDOR SKORRI **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARNGLER

Skútvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarnkler.is

VERKJALAUS Í VETRARKULDANUM

BALSAM KYNNIR Náttúrulegt undrasmyrsl við líkamlegum eymslum sem og þrálátum og langvarandi verkjum. Kemur jafnvægi á daglegt líf og gefur líkama og sál nauðsynlega friðsæld frá verkjum.

100 ÁRA SAGA Í 100 LÖNDUM

Tiger Balsam er náttúrulegt hitasmyrsl sem á rætur sínar að rekja til Kína til forna. Sagan segir að keisarar síns tíma hafi haldið uppskriftinni leyndri í yfir tvö þúsund ár til að njóta einir töfraeiginleika smyrslisins. Tiger Balsam er í dag vel þekkt um allan heim fyrir ótrúlegan lækningamátt og hefur verið selt í núverandi mynd í yfir 100 ár til yfir 100 landa.

100% NÁTTÚRULEGT



Tiger Balsam vinnur gríðarlega vel á hinum ýmsu verkjum líkamans og er af mörgum talið áhrifamesta smyrsl í heiminum. Tiger Balsam inniheldur engin kemísk efni og er unnið úr einstakri náttúrulegri jurtablöndu, sem hefur sýnt sig og sannað með aldagamalli reynslu að er traust og árangursrík.

EINS OG GOTT NUDD Í KRUKKU

Tiger Balsam fæst bæði í hitameðferð



TIGER BALSAM Tiger Balsam Red hitameðferð og Tiger Balsam White kælimeðferð.

(Red) og kælimeðferð (White). Tiger Balsam hefur róandi áhrif á líkama og sál og er frábært fyrir íþróttafólk, þá sem lifa athafnasömu lífi sem og alla á heimilinu sem upplifa líkamlega verki.

VISSIR ÞÚ

að söngkonan Lady Gaga segist ekki geta verið án Tiger Balsam þegar hún er á tónleikaferðalagi?

TIGER BALSAM VIRKAR Á VERKI

LINAR VERKI NÁNAST SAMSTUNDIS

- Háls- og axlaverkir
- Bakverkir
- Liðverkir
- Vöðvabólgur
- Hausverkir og brjóstverkir
- Kvef, nefstífla og frunsur

HANDHÆGT OG ÞÆGILEGT

- Frábær lausn fyrir alla á heimilinu sem upplifa verki - unga sem aldna
- Öflug lausn fyrir íþróttafólk sem og aðra sem lifa athafnasömu lífi



- Upphitun - eykur blóðrás og gott til að mýkja upp vöðva fyrir æfingar af öllu tagi
- Eftir æfingu - vinnur gríðarlega vel á harðsperrum

SÖLUSTAÐIR

Tiger Balsam er fáanlegt í öllum betri apótekum um land allt, heilsuhillum Hagkaups, Heilsuvers, Fjarðarkaus og Heimkaup.

Frekari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Tiger Balsam www.facebook.com/TigerBalsamIceland

Valhöll

Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.

20%
afsláttur af lókum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Verðdæmi:
Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

Stærð	Verð
100x200	74.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.
160x200	104.900 kr.
180x200	114.900 kr.

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

OptiBac
probiotics

Virkar lausnir frá OptiBac „Bifidobacteria & Fibre“

- Virkari melting
- Lausn við hægðatregðu



Fæst í apótekum og heilsuþúðum

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Bryndis Hauksdóttir,
bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson,
jonivar@365.is, s. 512 5429

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

HÖNNUNARMARS Í SJÖUNDA SINN

HÖNNUNARMARS Sara Jónsdóttir er verkefnastjóri HönnunarMars í ár. Undirbúningur er í fullum gangi og munu spennandi nöfn mæta bæði á fyrirlestradag hátíðarinnar DesignTalks og á kaupstefnuna DesignMatch.

HönnunarMars hefur farið stækkanandi með hverju árinu en hann verður nú haldinn í sjöunda sinn. Skráning fyrir hönnuði til að taka þátt lýkur 25. janúar og fólk er að taka við sér af krafti eftir áramótin,“ segir Sara Jónsdóttir, verkefnastjóri HönnunarMars en hátíðin fer fram dagana 12. til 15. mars.

„Dagskráin er í mótun en þetta lítur mjög vel út,“ bætir hún við en meðal annars er búið að bóka spennandi nöfn á Design Talks, fyrirlestrardaginn. Þar má nefna Jessicu Walsh sem Sara segir skínandi stjörnu í hönnunarheiminum.

„Við erum mjög spennandi að fá hana til landsins en Jessica Walsh er ákveðið sputnik á sínu sviði og var meðal annars gerð að meðeiganda hjá Sagmeister fljótlega eftir að hún hóf þar störf, þá aðeins 25 ára gömul. Hlín Helga Guðlaugsdóttir, listrænn stjórnandi DesignTalks setti daginn saman út frá þemanu Play Away og velur inn áhugaverð nöfn sem vinna með leik í víðri merkingu og eftir óhefðbundnum leiðum. Þarna verður fólk sem vinnur út fyrir boxið og ögrar norminu,“ segir Sara en meðal annarra fyrirlesarar eru Anthony Dunne annar höfunda Speculative Design aðferðafræðinnar og Walter Van Beirendonck, tískufrömuður frá Belgíu, en hann er einn úr „avant garde“ hönnunargrúppunni Antwerp Six.

TÆKIFÆRI TIL VIÐSKIPTASAMBANDA Kaupstefnan DesignMatch er hluti af HönnunarMars en þar geta íslenskir hönnuðir komið verkum sínum á framfæri við erlend fyrirtæki. Undanfarin ár hafa nokkur íslensk verk komist inn í framleiðslulínur fyrirtækja eins og Norrmann Copenhagen.

„Það nýjasta er samstarf vöruhönnuðarins Hafsteins Júlíussonar og hönnunarfyrtækisins HEM,“ segir Sara.

„Í ár mæta norrænir kaupendur á DesignMatch en einnig höfum við staðfest komu þýsku hönnunarverslunarinnar Monoqi, Pop-Corn sem er frönsk hönnunarvefverslun með innanstokksmuni, og Paper Collective frá Danmörku sem selur grafísk veggspjöld í takmörkuðu upplagi. Dagskráin er ekki læst og fleiri fyrirtæki eru væntanleg.“

Sara stýrir HönnunarMars nú í fyrsta sinn og leggst verkefnið vel í hana.

„Þetta er hressandi. Verkefnið er stórt en HönnunarMars er með stærstu hátíðunum sem haldnar eru í Reykjavík. Við fáum fjölda gesta bæði íslenskra og erlendra á hátíðina og einnig erlenda fjölmiðla. Það er gaman að taka þátt í að



HRESSANDI VERKEFNI Sara Jónsdóttir stýrir HönnunarMars í ár en hátíðin er ein sú stærsta sem haldin er í Reykjavík með þátttöku fjölda hönnuða og heimsóknunum erlendra gesta og fjölmiðla. Verkefnið leggst vel í hana. MYND/STEFÁN



styðja við grösku í greinunum. Íslenskir hönnuðir búa yfir ákveðinni sérstöðu vegna grasrótarmeningarinnar, sem vert er að halda í. Hér er unnið faglegt starf en sagan ekki ýkja löng og því lítið um heftandi hefðir og hönnuðum frjálst að leika sér og hugsa út fyrir boxið.“

■ heida@365.is

RÍSANDI STJARNA Jessica Walsh mun tala á DesignTalks á HönnunarMars.

NÝTT – NÝTT
8 rétta hlaðborð í hádeginu

TILBOÐ
KR. 1.590.-

OPIÐ KL. 11:00-14:00

Hlaðborðið er alla virka daga, ekki um helgar.


Kinahofid
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022



Njóttum lífsins



FLJÓTLEGT MEÐ SÚPUNNI

Gott brauð sem ekki þarf að hefast fyrir bakstur

SÓDABRAUÐ

4 bollar hveiti (mætti einnig nota heilhvæiti til hálfis á móti hvítu hveiti)
4 msk. sykurl
1 tsk. matarsóði
1 msk. lyfitduft
1 tsk. salt
½ bolli mjúkt smjör
1 bolli súrmjól
1 egg

Til að pensla:
¼ bolli bráðið smjör
¼ bolli súrmjól

Hitið ofninn upp í 190 gráður. Leggið smjörpappír á plötu. Blandið hveiti, sykri, matarsóða, lyfitdufti, salti og mjúku smjöri saman í stóra skál. Hrærið bolla af súrmjólk og egg saman við.

Hvolfið deiginu á hveitistráð borð og hnoðið aðeins. Formið deigið í kúlu eða kringlóttan hleif og komið því yfir á bökunarplötuna.

Hrærið svo saman bráðnu smjöri og súrmjólk og penslið hleifinn vel. Skerið svo stórt X í deigið með beittum hnið.

Bakið í 40 til 50 mínútur eða þar til tannstöngull kemur hreinn út eftir að honum er stungið í brauðið. Eftir 30 mínútur má kíkja hvort brauðið er bakað.

Einnig má pensla það öðru hvoru með smjör/súrmjólk-urblöndunni yfir bökunartímann.



LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Löggitur fasteignasali Sími 897 8266
Sigurður Samúelsson Löggitur fasteignasali Sími 896 2312
Sveinn Eyland Löggitur fasteignasali Sími 690 0820
Íris Hall Löggitur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen Sölustjóri Sími 770 0309
Rúnar Óskarsson MBA viðskiptafr. / sölufulltrúi Sími 895 0033
Eggert Mariusson Sölufulltrúi Sími 690 1472
Guðrún Dilljá Lúðvicksdóttir skjalagerð
Benedikt Ólafsson sölufulltrúi Sími 661 7788

100% Þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



Bragavellir – Einbýli



Stórglæsilegt 5 herbergja einbýlishús á Bragavöllum í Keflavík. Húsið er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er andyri, hol, stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús, gesta salerni og vinnustofa. Á efri hæð er fjölskyldurými, badherbergi sjónvarpsherbergi, þrjú barnaherbergi og stórt og fallegt hjónaherbergi. **Mögulega er hægt að leigja eignina frá 1. mars 2015**
Nánari upplýsingar á skrifstofu.

Eignasala.is • Sími: 420-6070

Júlíus M. Steinþórsson og Reynir Ólafsson löggitur fasteignasalar

Glæsihús við Heiðmörk

Heimili fasteignasala 530-6500 kynnir til sölu: Vandað 240 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við óbyggt friðað svæði við Heiðmörkina.



Glæsilegt einbýli í nálægð við Heiðmörk.

Húsið er fallega innréttað og vel tækjum búið. Húsið stendur á 811 fm lóð. Garðurinn er afgirtur og í honum upphitaðar stéttir og stórir sólpallar með heitum potti. Hellu-lagt upphitað bílaplan og stéttir fyrir framan. Sérsmíðaðar innréttingar, parket og flísar á gólfum og innbyggð lýsing.

Rúmgóð forstofa með flísum og góðum skápum, einnig fellistigi sem er upp á gott geymslu-loft. Þvottahús er inn af forstofunni og er með góðum skápum og vélar falla inn í innréttingu. Flíslagt gestabað með stórru sturtu.

Komið er inn í stofu úr forstofu. Eldhús, borðstofa og stofa eru í einu stóru rými þar sem er mikil lofthæð og háir gluggar. Enn fremur eru stórir gluggar með fallegt

útsýni yfir í Heiðmörk, útgengi á pall úr stofunni.

Í eldhúsi er stór eyja, vönduð tæki og gott skáapláss.

Sjónvarpshol er í rými á milli stofu og svefnherbergjagangs. Fallega innbyggðar hillur og skápur. Þrjú svefnherbergi. Hjónasvita er í sér rými með fataherbergi og badherbergi inn af. Bað og sturta eru aðskilið og útgengi frá sturtu á pall og að potti.

Innangengt er í stóran bílskúr sem er flísalagður og að auki er þar vinnuherbergi og geymsla. Fallegt vandað einbýlishús á einstökum rólegum stað. Örstutt er í vinsælt útivistarsvæði, göngu- og hjólréiðavegi í og við Heiðmörk og Rauðavatn.

Allar upplýsingar innan og utan skrifstofutíma veita Bogi Molby Pétursson, sími 699 3444 og Karen Sævarsdóttir, sími 695 6890.



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 •
berg@berg.is www.berg.is
GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
Petur@berg.is



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson
sölufulltrúi



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sævarsdóttir
skjalagerð



Brynjólfur Snorrason
sölufulltrúi



Karen Sævarsdóttir
MBA markaðsfræði

Finndu okkur á Facebook



Reykjahvöll - Fallegt einbýli.
Fallegt vandað 250 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Húsið er á einni hæð stendur hátt á glæsilegum útsýnisstað. 4 góð svefnherbergi og fallegur garður með afgirtum sólpöllum. Möguleg skipti á minni/ódyrari eign.



Fróðengi - 5 herbergja
falleg og vel skipulögð 145 fm íbúð á tveimur hæðum ásamt stæði í bílskúli. 4 góð svefnherbergi og mikið útsýni. Stutt í alla verslun, skóla og þjónustu.



Gunnarsbraut - Sérhæð
Eign sem þarfnast lagfæringa! 125 fm sérgæð með sérinngangi. Tvær samliggjandi stofur, rennihurð á milli og útgengt á suðursvalir. Tvö svefnherbergi og stór geymsla í kjallara. Laus til afhendingar - lykjar á skrifstofu.



Brúnastaðir - einbýli - Makaskipti
Mjög gott 220 fm einbýlishús á einni hæð ásamt innbyggðum bílskúr á einstökum stað innst í botnlanga við golfvöllinn á Korpúlfsstöðum. 5 svefnh. og tvær stofur. Stór lóð í góðri rækt. Góðar gönguleiðir með ströndinni og gott útivistarsvæði. Einstakt útsýni.



Boðabing - 55 ára og eldri
Höfum hafið sölu á íbúðum í Boðabing fyrir 55 ára og eldri. Glæsilegt nýtt hús sem er í byggingu, stærðir íbúða frá 91-172 fm. Afhentar fullbúna næsta haust, án gólfefna. **Verð frá 29,5 millj.** Frekari upplýsingar og bækling má fá á skrifstofu Heimili.



Boðagrandi - 5 herbergja - Makaskipti.
Góð 115 fm endaríbúð á 3. hæð. Eignin telur forstofu, eldhús, stóra stofu, fjögur svefnherbergi og badherbergi með þvottaðstöðu Seljendur leita sér að minni eign í sama hverfi.



Baldursgata - stúdíóíbúð
Mikið endurbætt 41 fm stúdíóíbúð á góðum stað í þingholtunum. Sérinngangur, sólpallar og sam-eiginlegt þvottahús. Laus til afhendingar



Freyjubrunnir - Endaradhús
Vandað 211 fm endaradhús með innbyggðum bílskúr. Húsið er á tveimur hæðum og vandlega innréttað á allan hátt innréttingar, lýsing og gólfefni. Tvö gælsileg badherbergi, þrjú svefnherbergi og þrjár stofur. Mikið útsýni. **V. 56,5 m.**



Lautasmári - 4ra herb.
Vönduð 105 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Vandaðar innréttingar og gólfefni í mjög góðu ástandi. Þrjú svefnherbergi lokað eldhús með borðkrók við glugga, rúmgóð stofa með útgang á svalir í suðvestur. Laus til afhendingar. **V. 34,5 m.**



Álfrólsvegur - nýtt parhús.
Á frábærum stað í grónu hverfi, um 220 parhús með bílskúr. Húsið er í smíðum og verður afhent tilbúið til innréttinga að innan og fullbúið að utan. 2-4 svefnherbergi, tvennar svalir, suðurgarður o.fl. Frekari uppl á skrifstofu. **Verð 54,9 millj.**



Ljósaland - góð 2ja með sólpalli.
Sérlega góð 2ja herb. á jarðhæð. Parket á gólfum og vandaðar innréttingar. Góð staðsetning. Eigandi leitar eftir skiptum á stærri eign í hverfinu. **Verð 23,9 millj.**



Stóragarði - 4ra á 1. hæð.
Vel skipulögð og rúmgóð 103 fm íbúð á 1. hæð í góðu fjölbýli. Íbúðin er sérlega snyrtileg og vel um gengin. Parket á gólfum og suðursvalir. Íbúðin getur verið laus fjotlega. **Verð 30,9 millj.**



Hvassaleiti - 4ra með bílskúr.
Vel skipulögð íbúð ásamt bílskúr, alls 114,4 fm. Hús sem hefur verið mikið endurnýjað sl. ár. Íbúðin þarfnast standsetning að innan. Laus til afhendingar strax. **Verð 29,9 millj.**



Furúas Grb. - einbýli á einni hæð.
Sérlega vel hannað um 250 fm einbýlishús. Húsið er vandað að allri gerð og í því eru fjögur stór svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með mikilli lofthæð. Stórt fjölskyldueldhús, sólpallar og heitur pottur. Tvöfaldur innbyggður 51 fm bílskúr, í dag innréttaður sem íbúð. **Verð 67,5 milljónir.**



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elías Haraldsson
Lögg. fasteignasali
elias@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfínsson
Söluáður
gisl@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 - 17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Einbýlishús á bökkum Ytri – Rangá- Frábær staðsetning



Afar vel staðsett 246,6 fm. einbýlishús á einni hæð við Þrúðvang á Helli að meðtöldum 53,2 fm. bílskúr. Húsið er allt endurnýjað að innan sem utan. Rúmgóð stofa með útgengi í sólstofu. Fjögur herbergi. Eldhús með fallegri víðarinnréttingu. Lóðin er eignarlóð 1.000,0 fermetrar að stærð, ræktað og frágengin með stórrí viðarverönd. Hellulögn er fyrir framan bílskúr og hús.

Eignin stendur á 1.000,0 fermetra eignarlóð niður á árbakkanum við Ytri-Rangá. Ekki verður byggt meira á árbakkanum.

Eyvindarholt. Einstök staðsetning á Álftanesi.



Glæsilegt og algjörlega endurbýtt frá grunni 240,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum sem er búið að skipta í þrjár íbúðir sem eru allar með séringangi. Húsið stendur á 2.532 fm. eignarlóð og er einstakt útsýni af báðum hæðunum. Eldra hús sem stóð á lóðinni var rífið árið 2002 og byggt nýtt hús á grunninum og síðan byggt 84 fermetra vinnustofa við húsið árið 2004 sem er nýtt sem íbúð í dag.

Eignin stendur á einum besta stað á Álftanesinu með ótrúlegu útsýni til Bessastaða og víðar.

Verð 67,0 millj.

Mánatún. Glæsileg 5-6 herbergja endaíbúð á efstu hæð.



Glæsileg 204,0 fm. 5-6 herbergja endaíbúð til suðurs á 6. hæð í nýlegu fjölbýlishúsi auk tveggja sér bílastæða í bílahúsi. Rúmgóðar svalir eru útaf stofum til vesturs. Íbúðin er innréttað á vandaðan og smekklegan máta með sérsníðum innréttingum. Aukin hjóðeinangrun er á milli hæða. Gólfhitakerfi er í íbúðinni. Lofthæð er um 2,8 metrar. Í eldhúsi og baðherbergjum eru mjög vönduð tæki. Hjónasvita sem samanstendur af herbergi, fataherbergi og baðherbergi. Húsvörður.

Verð 84,9 millj.

Langamýri - Garðabær



Fallegt 305,8 fm. endaraðhús, tvær hæðir og ris með góðri lofthæð, að meðtöldum 34,8 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr í grónu hverfi í Garðabænum. Rishæðin er með góðri lofthæð og fjórum þakgluggum. Stórar samliggjandi stofur með útgangi á tvennar svalir. Einnig svalir út af hjónaherbergi á efri hæð/rishæð. Fimm herbergi. Möguleiki er að gera einstaklingsíbúð á neðstu hæðinni. Mikil hellulögn er fyrir framan hús og bílskúr og er pláss fyrir 4-5 bíla. Hiti er í innkeyrslu að bílskúr. Vel staðsett eign þar sem er stutt í leik-, grunn- og framhaldsskóla og íþróttastöðu.

Verð 64,9 millj.

Vatnsstígur. Glæsileg útsýnisíbúð á 12. hæð.



Glæsileg 136,6 fm. útsýnisíbúð með suðursvölum á 12. hæð í þessu glæsilega fjölbýlishúsi á sjávarkambinum við Vatnsstíg auk sér bílastæðis í lokaðri og upphitaðri bílageymslu í kjallara hússins. Íbúðin er öll innréttað á afar vandaðan og smekklegan máta og útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt, bæði til suðurs að Reykjanesi, út á sundin og að Snæfellsjökli. Björt stofa með arni. Sjónvarpshol. Opið eldhús með eldunareyju. Húsið er allt mjög vandað og sameign er öll 1. flokks. Tvær lyftur eru í húsinu.

Þórsgata. Mjög góð eign í nýuppgerðu húsi.



Mikið endurnýjuð 128,2 fm. eign á 3. hæð í nýuppgerðu húsi við Þórsgötu. Hæðin er innréttað sem tvær íbúðir. Stærri íbúðin er um 88 fm. að stærð, 3ja herbergja og með stórum svölum til austurs. Minni íbúðin er um 40 fm. að stærð, 2ja herbergja. Auðvelt er að breyta hæðinni aftur í eina íbúð, líkt og hún var teiknuð upphaflega. Aukin lofthæð er á hæðinni. Húsið að utan er nýviðgert og málað og gler og gluggar eru nýjir í öllu húsinu.

Virkilega falleg og björt íbúð á frábærum stað á horni Þórsgötu og Baldursgötu.

Verð 49,5 millj.

2JA HERBERGJA



SNORRABRAUT. ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ.

Góð 68,3 fm. 2ja herb. íbúð á 3. hæð við Snorrabraut. Eldhús með ljósi innréttingu, svefnherbergi með góðu skáaplássi og útgengi á svalir til austurs. Nýlega endurnýjað baðherb. Parket á gólfum. Sér geymsla í kjallara auk sameiginlegrar geymslu. Góð eign miðsvæðis í Reykjavík. **23,5 millj.**

2JA HERBERGJA



SELVOGSGATA – HAFNARFIRÐI

Mikið endurnýjuð 43,5 fm. íbúð með séringangi auk sér geymslu í kjallara. Gólfhiti er í allri íbúðinni. Þetta er falleg eign sem hefur verið mikið endurnýjuð á síðustu árum Sérbílastæði á lóð.

19,5 millj.

3JA HERBERGJA



GRETTISGATA.

Mikið endurn. 90,0 fm. íbúð á 1. hæð með stórum suðursvölum og sér bílastæði á baklóð. Íbúðin hefur verið mjög mikið endurnýjuð á sl. mánuðum, m.a. eldhúsinnréttingar og tæki, gólfefni o.fl. Nýtt tvöfalt gler, nýjir gluggar og nýtt svalahandrið. **34,9 millj.**

SUMARHÚS



EIGNARLAND, ÖLDUBYGGÐ, GRÍMSN.

88,1 fm. nýlegt (2007) sumarhús á tveimur hæðum, skammt frá Svínavatni. Húsið er hátt og reisulegt með herbergjum á efri hæð (ekki svefnloft) og er klætt með furu vatnasklæðningu að utan. Stór afgirtur sólpallur með heitum potti. Búið er að loka fyrir opið rými undir svölum. **26,0 millj.**

SUÐURGATA



Suðurgata. Heil húseign.

Virðulegt timburhús á steinkjallara við Suðurgötu 12 í Reykjavík. Húsið er kjallari og tvær hæðir, samtals 357,2 fm. að gólfleti auk 21,8 fm. bílskúrs. Húsið stendur á fallegri og gróinni um 900 fm. lóð. Átta bílastæði eru á baklóð hússins og möguleiki er á að fjölga bílastæðum á lóðinni enn frekar. Húsið var reist árið 1899 af Ásgeiri Sigurðssyni kaupmanni. Fyrir rúmlega 20 árum var húsið allt endurnýjað að utan sem innan. Undanfarnin 25 ár hafa verið starfræktar læknastofur í húsinu og hentar það mjög vel undir hvers konar þjónustustarfsemi auk þess sem það myndi sóma sér vel sem glæsilegt íbúðarhús. **Verð 169,0 millj.**

HAUKSHÓLAR



Haukshólar. Einbýlishús með aukaíbúð. Frábær útsýnisstaður

